

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Sagnfræði

**Halldór Guðmundsson – einn af
frumkvöðlum raflýsingar á Íslandi**

Ritgerð til B.A.-prófs

Arnþrúður Sigurðardóttir

Kt.: 050354-4669

Leiðbeinandi: Guðmundur Hálfánarson

September 2017

Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um einn fyrsta íslenska raffræðinginn Halldór Guðmundsson frá Eyjarhólum í Mýrdal. Líst er æskuárum hans, námi og störfum, allt frá barnsárum til dánardags. Hann lærði járnsmíði í Reykjavík og vélasmíði í Kaupmannahöfn, þaðan lá leið hans til Þýskalands þar sem hann lauk námi í raffræði. Eftir að námi lauk kom hann heim til Íslands árið 1904, íslenskir ráðamenn höfðu ekki mikla trú á atvinnu við raffræðina. Halldór raflýsti fyrst í Hafnarfirði og smám saman fóru aðrir staðir úti á landsbyggðinni að leita til hans varðandi raflýsingar. Hann lýsti í bréfum til bróður síns ýmsum erfiðleikum við raflýsingar og hvernig honum gekk að ráða fram úr þeim. Á stríðsárunum gekk mjög illa að fá efni til raflýsinga vegna útflutningsbanns breskra stjórnvalda. Því sigldi Halldór til Kaupmannahafnar og ferðaðist þaðan til Berlínar til að útvega vörur til verkefnisins.

Þá er í ritgerðinni fjallað um ýmsa samtímaatburði sem Halldór upplifði og hvaða augum hann leit á þá. Á þeim árum var sjálfstæðisbaráttan í algleymingi og lýsti Halldór skoðunum sínum á baráttunni og hvað honum fannst um íslenska stjórnsmálamenn. Þá er fjallað um ýmisleg samskipti og greiðasemi við bróðurinn Eyjólf Guðmundsson bónda á Hvoli í Mýrdal, en þeir bræðurnir voru afar nánir eins og Eyjahólasystkinin öll. Þá er sagt frá veikindum hans og hversu stóran þátt hann átti í að gera Ísland að því tæknivædda landi sem við þekkjum í dag.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Saga rafmagnsins.....	6
Námsárin í Kaupmannahöfn og Berlín.....	19
Fyrstu starfsárin.....	23
Rafmagn eða gasstöð – hvað vildu Reykvíkingar?	27
Árin 1906-1911	32
Árin 1912-1923	35
Þjóðernissinninn Halldór Guðmundsson.....	40
Stjórnmalaskoðanir Halldórs.....	42
Aðrir samtímaatburðir séðir með augum Halldórs Guðmundssonar	46
Ýmisleg önnur mál sem Halldór lét sig varða.....	48
Fleiri ferðir til útlanda varðandi störf Halldórs	50
Gróðahyggja – hugsjónir	51
Síðustu æviárin.....	52
Niðurstöður.....	53
Heimildir	55

Myndaskrá

Mynd 1: Eyjólfur Guðmundsson.....	21
Mynd 2: Einar Jónsson myndhöggvari, Halldór Guðmundsson raffræðingur og Baldvin Björnsson gullsmiður	21

Inngangur

Í þessari ritgerð er ætlunin að fjalla um fyrsta íslenska raffræðinginn, Halldór Guðmundsson. Ævi hans verður rakin og sýnt hversu stóran þátt hann átti í að raflýsa Ísland. Hann átti þátt í að tæknivæða Ísland á sviði raforkunnar og aðrir raffræðingar sem á eftir komu voru allir lærisveinar hans. Halldór var einn af fulltrúum aldamótakynslóðarinnar svokölluðu, gagntekinn af anda ungmennafélagsshreyfingarinnar og vildi beita kröftum sínum fyrir ættjörðina. Ævi hans líkist einna helst ævintýrunum um fátæka karlssoninn, sem fór út í heim að vinna sér inn frægð og frama. Með litla formlega menntun í farteskinu tókst honum að nema vélvirkjun og raffræði úti í hinum stóra heimi, lítt talandi önnur tungumál en íslensku. Nánast félaus og illa í stakk búinn til að fóta sig erlendis, en ákveðinn í að sigrast á öllum erfiðleikum og koma sér áfram af eigin hyggjuviti og dugnaði.

Það var ekki sjálfgefið að ungur sveitastrákur færi erlendis í vélfræðinám í lok 19. aldar og í bréfum hans kemur fram trúin á hið góða og einlægur vilji til að láta gott af sér leiða. Uppistaðan í þessari ritgerð eru bréf Halldórs til bróðurins Eyjólf, sem á námsárum hans erlendis var barnakennari austur í Mýrdal, en þangað hafði faðir þeirra bræðra, Guðmundur Ólafsson, bóndi og formaður frá Eyjarhólum, ráðið Eyjólf. Eyjólfur hafði þá lokið tveggja ára námi frá Flensborgarskóla í Hafnarfirði og taldi Guðmundur faðir hans að ekki byggi í Eyjólfni neitt sjómannsefni, sem Guðmundur átti erfitt með að skilja. Með dvöl Eyjólf í Mýrdalnum og járnsmíðanámi Halldórs í Reykjavík var ekki daglegur samgangur milli bræðranna og þeir áttu aldrei eftir að verða samtíða á heimili eftir þetta. Það bættu þeir hinsvegar upp með tíðum bréfaskriftum á árunum 1893-1923.

Frá barnæsku hafði hugur Halldórs snúist um vélar og ýmis vélfræðileg efni og hóf hann barnungur að sækjast eftir að vera í smiðju föður síns og smíða. Bræðurnir áttu ekki mikla samleið í bernskuleikjum þar þótt bæjarlækurinn væri vinur þeirra beggja. Sá eldri, Eyjólfur, vildi veita bæjarlæknum á tún og engi og auka þannig hagsæld búskaparins, en Halldór, sá yngri, vildi ýmist brúa bæjarlækinn eða stífla hann og vera með ýmiskonar vélartilbúnað við brúar- og stíflugerð. Þó ólíkir væru voru bræðurnir afar nánir eins og átti reyndar við um systkinin öll, gleði eins þeirra var gleði þeirra allra og sama má segja um sorgina – sorg eins þeirra var sorg þeirra allra.

Bréfin, sem Halldór skrifaði bróður sínum, eru einstaklega einlæg og full af trúnaðartrausti og ná yfir 30 ára tímabil. Þau lýsa hversdagslegum atburðum hins

daglega lífs, baráttu ungs manns við að koma sér áfram og berjast til sigurs. Litla strákinn í Eyjarhólum hefur vafalaust ekki órað fyrir því að hann ætti eftir að sigla til annarra landa og mennta sig þar í þeirri grein sem hugur hans stefndi að. E.t.v. hefur hann stundum staðið á bæjarhlaðinu heima og horft á eftir fuglunum á haustin og óskað þess að hann gæti flogið eins og þeir beint á vit ævintýranna sem hann dreymdi um.

En lífið er kaldur veruleiki og þrotlaus vinna og Halldór ólst upp á 8. og 9. tug 19. aldarinnar, þegar harðindi, hafísar og gróðurleysi settu svip á aldarfarið. Allir urðu að vinna baki brotnu til að hafa í sig og á og öll vinna var unnin með handaflinu einu saman eins og gert hafði verið svo öldum skipti. Á umliðnum tveimur öldum höfðu miklar breytingar orðið í ýmsum löndum Evrópu; Frakkland varð að lýðveldi, Þýskaland sameinað, Bandaríki Norður Ameríku varð að sjálfstæðu lýðveldi og iðnbylting skók samfélög álfunnar. Guðmundur í Eyjarhólum dáði mjög allar tækninýjungar, sem stuðluðu að bættum framförum í þágu mannsins. Þessar skoðanir föður síns drakk Halldór í sig í uppvextinum og þær voru sá fjársjóður, sem hann hafði í veganesti þegar hann hóf námsferil sinn.

Þá eru og endurminningabækur Eyjólfss bróður Halldórs, einkum um uppvaxtarár þeirra systkinanna og foreldra þeirra og afa og ömmu, uppistaðan í fyrri hluta hluta ritgerðarinnar. Auk þess er stuðst við bækurnar *Reykjavík fyrri tíma*, þar sem einn kafli er helgaður gasinu og rafmagninu, ævisögu *Skúla Thoroddsen* eftir Jón Guðnason um sjálfstæðisbaráttuna á öndverðri síðustu öld, bók Hannes H. Gissurarsonar um Jón Þorláksson, kafla í bókinni *Faðir minn* sem Gísli Halldórsson, vélaverkfræðingur og sonur Halldórs, ritar um föður sinn, ársritið *Dynskóga*, sem fjallar um ýmis skaftfellsk málefni, bækur Guðjóns Friðriksson um Hannes Hafstein og Einar Benediktsson, *Sögu Hafnarfjarðar* eftir Ásgeir Guðmundsson, fyrsta bindi æviminninga Huldu Stefánsdóttur, *Æska* og kafla úr bók Hendriks B. Ottóssonar *Frá Hlíðarhúsum til Bjarmlands*, auk ýmissa blaðagreina.

Spurningarnar sem verða lagðar rannsókninni til grundavallar eru: Hvað var það sem ýtti skaftfellska sveitastráknum út á þá braut sem hann valdi sér í lífinu? Voru það hugsjónir eða sá hann fyrir sér líf í allsnægtum? Sá hann drauma sína rætast?

Saga rafmagnsins

Rafmagnið hafði þekkst frá tímum Grikkja og notuðu þeir sér óspart þá þekkingu til að útbúa stöðurafmagn. Snemma á 18. öldinni lagði Magnús Stephensen konferenzráð til orðið rafkraftur og ýmis önnur nöfn voru notuð þangað til að endingu var farið að nota orðið rafmagn. Á nítjándu öld jókst mjög þekking manna á rafmagni og nefna nöfn ótal einstaklinga sem þar komu við sögu, eins og t.d. Danans H.C. Ørsteds, sem fyrstur manna uppgötvaði sambandið milli rafmagns og segulmagns.¹ Ørsted varð síðar driffjöðrin í að koma upp svokölluðum fjöllistaskóla í Kaupmannahöfn og varð þar rektor, en fjölmargir íslenskir verkfræðingar menntuðust í skólanum. Á síðasta áratug 19. aldar birtist í ýmsum blöðum vestanhafs mikil aðdáun á framlagi Thomas A. Edisons, sem hafði fundið upp glópráðarperuna og eins hljóðritann og menn dáðust af ótrúlegum framförum í þróun notkunar rafmagns eins og beislun Niagarafossana. Valdimar Ásmundsson, ritstjóri Fjallkonunnar og útgefandi, líkti rafmagnsundrinu við ævintýri fremur en raunveruleika. Í flestum löndum var farið að láta ýmsar tæknilegar framfarir vinna þau verk sem mannhöndin hafði áður unnið, en á Íslandi var um aldamótin 1900 ennþá notast við gömlu vinnubrögðin og mannhöndin var allsráðandi.²

En menn voru þó farnir að sýna rafmagninu áhuga og vildu nýta vatnsaflíð til að knýja vélar. Jón Ólafsson, ristjóri Heimskringlu og fylgiblaðs Aldarinnar, skrifaði í Öldina grein árið 1892 um heimsókn sína til þorpsins Selkirk West í Manitobafylki, Kanada, sem var fimmtungi minni bær en Reykjavík. Í bænum bjuggu þá 700 manns og var bærinn lýstur upp með rafmagnsljósum og notað til þess gufuvélar. Fannst Jóni Reykjavík mikill eftirbátur annarra sambærilegra bæja erlendis þó væri eldneytið ódýrara hér en í Kanada. Sagði Jón að Þorlákur Johnson kaupmaður hefði fengið tilboð frá félaginu Edison-Swan í Manchester í Englandi um raflýsingu. Var Björn Jensson, yfirkennari Lærða skólans, fenginn til að bera saman tvo kosti, þ.e. að lýsa bæinn með gufuaflí eins og tilboðið fól í sér eða að Skorarhylsfossinn í Elliðaánum yrði virkjaður. Taldi Björn í álitsgerð sinni að miklu ódýrara væri að nota vatnsaflíð og virkja fossinn heldur en að nota kolakyndingu með gufuvél en báðum hugmyndunum var hafnað, því þær þóttu of kostnaðarsamar. Þá höfðu Þjóðverjar leitt rafmagn með koparþræði um

¹ Sveinn Þórðarson, *Afl í segulæðum*, bls. 4-6.

² „Rafmagnsljós og hitaleiðsla í Reykjavík“, bls. 10; „Rafljós Edisons“, bls. 23.

200 km leið, þó að þriðjungurinn færi forgörðum, og Jón Ólafsson hvatti mjög til þess að Stórifoss í Elliðaánum við Árbæ væri virkjaður til að lýsa Reykjavík.³

Valtýr Guðmundsson, prófessor í norrænum fræðum við háskólann í Kaupmannahöfn, ritstjóri og alþingismaður, sem búsettur var í Kaupmannahöfn, var einn af þeim sem sýndi þessu málefni mikinn áhuga og skrifaði í blað sitt Eimreiðina árið 1900 um það hvernig kenna mætti mönnum að mæla vatnsmagn í lækjum. Sagði hann Íslendinga vanta vilja, krafta og þekkingu til framkvæmda á þessu sviði, en aðrar þjódír væru komnar langtum lengra í verklegum efnum. Var Valtýr skagfirskur að uppruna og hafði brotist til mennta. Hann var mikill áhugamaður um verklegar framkvæmdir. Þorsteinn Gíslason ritstjóri lýsti í blaði sínu, *Íslandi*, fjálglega trú sinni á rafmagnið og hversu mikill auður væri fólgin í fossum og ám. Taldi hann að vatnsaflíð og rafmagnið myndu eyða fátæktinni. En rafmagnið átti langt í land á Íslandi þótt íbúum á höfuðborgarsvæðinu hefði fjölgað mjög vegna vaxandi útgerðar þilskipa. Sú breyting varð þó á 19. öld að olíulampar komu til sögunnar í stað grútarlampa, en þeir þóttu ekki reynast vel og þóttu ósa og ljósið á þeim dauft. Þeir sem sáu um að kveikja á ljóskerunum í bænum ákváðu hvenær kveikt var eða ekki. Auk kostnaðar við olíuna sáu menn ofsjónum yfir því að kaup luktarvarðarins hækkaði og þörupiltar léku sér að brjóta luktirnar. Átti *Þjóðólfur* ekki orð yfir slík skemmdarverk í einni grein í blaðinu.⁴

Ýmsir framfarasinnaðar Íslendingar, eins og t.d. Sigfús Eymundsson ljósmyndari og Valdimar Ásmundsson ritstjóri, höfðu með skrifum sínum í íslensk blöð hvatt mjög til þess að vatnsafl fossa yrði nýtt til raflýsingar. Valdimar gekk ennþá lengra og upplýsti í grein frá árinu 1894 að hann hefði leitað sér upplýsinga um kostnaðinn við leggja leiðslu frá Elliðaánum og lýsa upp götur í Reykjavík og leggja rafmagn og hita upp íbúðarhús í bænum. Hann sagðist hafa upplýsingar eða tilboð frá fyrirtæki í Bandaríkjunum sem annaðist smíði rafmagnsvéla og sá um rafmagnslagnir. Hvatti hann menn til framkvæmda því að kostnaður gæti hækkað, en áætlaði að það myndi kosta um 2.500 dollara eða 10.000 krónur að lýsa upp bæinn. Hvorki var þó „hreyfihjólíð“ innifalið í tilboðinu eða það sem kostaði við árnar eða raflínulagnir eða flutningur og því gæti raflýsingin orðið heldur dýrari, sérstaklega ef farið væri út í að

³ „Ísland og rafmagnið“, bls. 25; Sveinn Þórðarson, *Afl í segulæðum*, bls. 8.

⁴ „Skemmd á almenningsseignum“, bls. 15; „Ljóskerin“, bls. 12; „Rafmagnsmálþráður milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar“, bls. 333; „Raflýsingarmálið“, bls. 293-294; „Rafmagn á Íslandi“, bls. 25; Þorsteinn Gíslason, „Ónotað afl“, bls. 25-26; Valtýr Guðmundsson, „Aflíð í bæjarlæknum“, bls. 127; Hulda Á. Stefánsdóttir, *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur : Æska* 2.bd. bls. 157-163.

leggja hitaleiðslu í bæinn samhliða.⁵ Valdimar sagði áætlunina vera frá einhverjum manni í Bandaríkjunum, sem seldi rafmagnsvélar víða þar vestanhafs og studdu þeir Valdimar og Jón Ólafsson að haft væri samband við hann. Maðurinn var Frímenn B. Arngrímsson, uppfinningamaður og fræðimaður í Ameríku, og fékk hann áætlunina í hendur febrúarmánuði og sendi hana til Íslands.⁶

Frímenn B. Arngrímsson var eyfirskur að uppruna og ólst þar upp til 19 ára aldurs. Hann þótti spurull krakki og efaðist um gildi mannlegrar speki. Þegar hann fluttist til Vesturheims árið 1874 úr Eyjafirðinum sór hann þess eið að koma aldrei til Íslands aftur fyrr en hann væri búinn að festa sig í sessi í Ameríku. Frímenn stundaði nám við Lindsay High School, Victoria County í Kanada, og lauk kennaraprófi þaðan með hæstu einkunn árið 1877. Næstu tvö árin kenndi hann við alþýðuskóla í Ontariófylki og lauk þaðan hærra kennaraprófi árið 1879. Árin 1881-1883 var hann við nám í æðri skólum og tók próf í tölvísi og náttúruvísindum við háskólann í Toronto árið 1884. Hann stundaði nám í náttúruvísindum og stærðfræði við Manitobaháskóla og útskrifaðist þaðan árið 1885. Eftir útskrift kenndi hann við alþýðuskóla á sléttunni og var auk þess starfsmaður Kanadastjórnar og ritaði lýsingu á norðvesturhéraðum landsins. Féð sem hann fékk fyrir það notaði hann til að stofna vikublaðið Heimskringlu – fréttablað Íslendinga í Winnipeg. Árið 1888 seldi hann blaðið vegna illdeilna og fór þá til Massachusetts í Bandaríkjunum og dvaldi hjá frænda sínum þar. Árið 1889 hóf hann nám í Harvard-háskóla í Cambridge, og vann með náminu að ritstörfum. Árið þar á eftir var hann aðstoðarmaður við vísindastofnun fylkisins. Árið 1892-1893 vann Frímenn á verkfræðistofu rafmagnsfélagsins General Electric, sem var þá nýstofnað. Fékk Frímenn áður nefnda áætlun um raflýsingu Reykjavíkur frá General Electric í hendurnar og samþykkti að fara með hana til Íslands og bera hana undir íslenska ráðamenn og þingheim.

Frímenn lagði af stað til Íslands sumarið 1894 og gekk ferðalagið ekki snurðulaust fyrir sig. Hann var illa útbúinn og þegar hann kom til Kaupmannahafnar var farareyrir hans uppurinn. Hann var því á flæðiskeri staddur því að hann þekkti engan þar í borginni og enginn þekkti hann nema kannski einhverjir örfáir Íslendingar, sem höfðu kynni af honum úr blöðum. Þó var sýnu verra að þeir sem hann komst í kynni við töldu hann ruglaðan. Bogi Th. Melsted sagnfræðingur, sem þá starfaði í

⁵ Páll E. Ólason, *Íslenskar æviskrár* 2 bd., bls. 26; Sveinn Þórðarson, *Afl segulæðum: saga rafmagns á Íslandi í 100 ár*. Ritroð Verkfræðingafélags Íslands, 2. bd. (Reykjavík), bls. 4-5.

⁶ Geir Jónasson, „*Nokkur minningarorð*“, bls. 163-174.

danska ríkisskjalasafninu, honum á hreinskilinn hátt. Hjálpaði Bogi honum engu að síður, þar sem Frímenn fékk engin svör í íslensku stjórnardeildinni um fjárstyrk. Því sendi hann tilboðið frá General Electric um raflýsingu Reykjavíkur, sem fól í sér að leggja rafmagn til bæjarins með margfalt betri lýsingu en þá var raunin, til Tryggva Gunnarssonar bankastjóra og alþingismanns.

Eftir að hafa unnið fyrir sér í Svíþjóð um tíma fékk hann loforð um styrk frá íslensku stjórnardeildinni til að sigla frá Ameríku til Reykjavíkur til að boða Íslendingum fagnaðarerindið um raflýsinguna. Ætlaði Frímenn að fara til Íslands og leggja málið fyrir Alþingi í því skyni að fá það til að samþykkja lán til raflýsingar, en boðið um styrk kom það seint að ljóst var orðið að Alþingi hafði verið slitið. Átti hann þá um tvo kosti að velja, þ.e. annaðhvort að vinna fyrir farinu til að snúa aftur til Ameríku eða að sigla til Íslands. Valdi Frímenn síðari kostinn og kom hann til Íslands í öndverðum októbermánuði árið 1894 og haft var eftir honum í blöðum að hann væri alkominn heim.⁷ Eftir að Frímenn kom til Íslands stóð til að reifa málið á bæjarstjórnarfundi. Þá lýsti Tryggvi Gunnarsson því yfir að tilboðið væri týnt og taldi Frímenn að Tryggvi hefði glatað því af ásettu ráði, en Frímenn segist hafa talað við kunningja sína á einkafundum um það sem tilboðið fjallaði um og skrifaði hann bæjarstjórninni um það.

Mikill hitafundur var haldinn um rafmagnsmálið þann 18. október 1894 í bæjarstjórn, þar sem Frímenn vildi fá ýmsar upplýsingar varðandi vatnsmagn í næstu fossum ef að Elliðaár yrðu virkjaðar og ýmsar aðrar upplýsingar. Sæmundur Eyjólfsson búfræðingur var fenginn til að mæla vatnsmagn Skorarfosshyls. Sæmundur taldi mælinguna ekki nógu nákvæma, því það þyrfti meira en eina mælingu til að áætla nákvæmlega vatnsmagnið í fossinum. Reyndist vatnsmagnið meira en nóg til að lýsa götur Reykjavíkur og leggja rafmagn og hita í hús, en þó þyrfti að huga að ýmsu varðandi árnar t.d. veiðiskap og ruðning klaka. Valgarður Breiðfjörð, ritstjóri *Reykvíkings* og kaupmaður, sagði að Frímenn gæti áætlað nákvæmlega hversu mikið vélar og lög frá ánum kostuðu. Frímenn bjó sig vandlega undir að halda fyrirlesturinn „Raflýsing og rafhitun Reykjavíkur“ og flutti hann á opnum fundi í Góðtemplarahúsinu þann 10. nóvember 1894.⁸ Hann vissi að ýmsir höfðu horn í síðu hans, einkum þeir sem höfðu hagsmuni að gæta ef raflýsingin yrði að veruleika. Þar

⁷ Geir Jónasson, „Nokkur minningarorð“, bls. 167-169; Frímenn B. Andersen“, bls. 82.

⁸ „Raflýsing og rafhitun í Reykjavík“, bls. 177-178 og 28. nóv. 1894, bls. 183-186; Guðjón Guðmundsson, „Aðdragandi og stofnun vatnamælinga“, bls. 49-58.

með voru þeir sem seldu kol og steinolú, auk ýmissa efnamanna sem voru honum gramir fyrir uppstandið í bæjarstjórninni. Það mættu mun færri á fundinn heldur en á fyrirlestur sem Frímánn hafði haldið um Ameríkuferðir stuttu áður. Sumir komu slompaðir á fundinn og þurfti að vísa einum á dyr. Lagði Frímánn útaf af mælingum Sæmundar Eyjólfssonar og kynnti kostnaðartölur sem lágu fyrir. Taldi hann að ef bærinn væri allur lýstur upp og hitaður með rafmagni yrði kostnaðurinn um 60.000 krónur og kostnaður við viðhald yrði helmingi minni en það sem kostaði þegar að lýsa upp bæinn með olú.⁹ Nú væri kostnaður við að hita upp bæinn 300.000 krónur en með rafhitun yrði 40.000 króna sparnaður. Sagði Frímánn að mikið fé myndi sparast ef Skorarfosshylur yrði virkjaður því að í fossinum fælist tífalt meira afl en sem þurfti til að lýsa upp bæinn.

Nú kom raflýsingaráætlunin í leitirnar sem Frímánn hafði þegar sent Tryggva Gunnarssyni og bæjarstjórnin kom saman sama dag og fyrirlestur Frímánn var birtur í *Fjallkonunni*. Taldi Halldór Kr. Friðriksson, bæjarfulltrúi og kennari við Lærðaskólann, það lítið hafa upp á sig að fjalla um málið, því að það væri alltof kostnaðarsamt fyrir bæinn, sem væri skuldum vafinn. Tveimur dögum seinna birtist í *Ísafold* áætlun sem Sigfús Eymundsson fékk frá fyrirtækinu H.A.H. Dunford þar voru kostnaðaráætlanir ívið hærri en hjá Frímánni og þótti bænum ekki árennilegt að raflýsa bæinn ef þær tölur væru réttar. Sagði *Ísafold* að þær tölur væru áreiðanlegri og frá mönnum sem hefðu að baki margra ára verklega reynslu og fjölbreyttari heldur en Frímánn hafði. Var fyrirlestur Frímánn birtur að hluta í *Fjallkonunni* og leiðrétti Frímánn villur þær sem hann fann. Frímánn sá að þessari sneið var beint að honum, taldi Frímánn sig eiga lítið erindi hér eftir að erindi hans var hafnað. Hélt hann því af landi brott til Leith í Skotlandi. Eftir að þangað kom samdi hann greinina „Hugleiðing til Reykvíkinga og allra Íslendinga samt“ og bað Valdimar að birta greinina í blaði sínu *Fjallkonunni*. Sýndi hann þar fram á ýmsar veilur í útreikningum Dunfords og Sigfúsar Eymundssonar. Lagði Frímánn í greininni áherslu að Íslendingar væru ekki miklar hetjur, sundrung væri landlæg og eindrægni væri ekki fyrir hendi. Íslendingar vildu fá allt fyrir ekki neitt og að því gætu engin félög gengið nema að fá tryggingu fyrir gróða. Efnamenn vildu ekki leggja í kostnað vegna rafhitunar og hefðu Íslendingar ekki næga ættjarðarást, því að ýmsir efnaðir menn gætu vel snarað þessum

⁹ „Raflýsing og rafhitun í Reykjavík“, bls. 177–178 og 28. nóv. 1894, bls. 183–186.

fjármunum út. Íslendingar væru með þræslund því að yfirstéttin hefði svo lengi kúgað þá. Rafhitun myndi borga sig upp á 10-15 árum.

Í Leith hitti hann þá félagana Björn Kristjánsson kaupmann og skáldin Einar Benediktsson og Þorstein Erlingsson. Hafði Einar samið revíu, sem flutt var í Breiðfjörðsleikhúsi, þar sem var gert óspart grín að Frímanni og gerðu þeir Einar og Frímann upp málið þar. Voru Einar og Frímann báðir efahyggjumenn og þar kynnti Frímann tilboð ýmissa fyrirtækja um rafvæðingu Reykjavíkur fyrir þeim. Þau voru öll á svipuðu róli eða upp á um 30.000 þúsund, en Frímann taldi að Íslendingar gætu sjálfir reist stöðvarhús. Vildi Björn ekkert hafa með málið að gera, en skáldið og athafnamaðurinn Einar Benediktsson greip hugmynd Frímanns á lofti. Vildi hann ólmur stofna félag og útvega fé til virkjunar fossanna, enda sá Einar að hann gæti hagnast á vatnsréttindum Elliðaána, sem hann átti, ef þær yrðu virkjaðar. Hvatti hann Frímann að koma með sér til Íslands með tilboð frá Fleming & Co. Taldi Einar að nú yrði Frímanni betur tekið í Reykjavík og ef að bærinn gengi ekki að þessu tilboði væri hægt að reka þetta sem einkafyrirtæki. Það reyndist rétt að Frímanni væri betur tekið, áhuginn var meiri fyrir rafmagnsvirkjunum og margir bæjarbúar skorðu á bæjarstjórn að rannsaka hvort ekki mætti virkja einhvern nærliggjandi foss. Bæjarstjórn hélt fund í desember árið 1895 um málið og var þar kosinn raflýsingarnefnd, en í henni sátu sömu menn og höfðu verið kosnir í fyrri raflýsingarnefndina. Ekkert bindandi samkomulag var gert á fundinum en þó gefin út yfirlýsing um að bæjarstjórn greiddi 1800 krónur á ári til að raflýsa götur bæjarins og kveikt yrði lengur á ljósunum en áður. Þá var því lýst yfir að ef eitthvert félag vildi reisa rafmangsstöð á eigin kostnað mætti láta á það reyna. Var þessi yfirlýsing ekki bindandi nema þangað til í ársloka 1897. Áskriftarlisti var látinn ganga og skráðu 300 manns sig á listann og vildu þeir fá rafljós, en Frímanni til mikilla vonbrigða skráði enginn efnamaður sig á listann. Sá Frímann eftir að hafa farið þessa sneypuför og í greininni „Forsmáða erindið“, sem birtist í Fylki árið 1923 lýsti hann ítarlega þessari sögu allri og taldi að Reykvíkingar hefðu ekki viljað fá rafmagnið, þó þeir hefðu fengið það gefins, og fannst þeir hæðast að sér. Var Frímann mest í London og París eftir þetta og átti mikla hrakningasögu. Í bréfi sem Valtýr Guðmundsson sendi Jóni Jenssyni landsyfirréttdómara frá borginni við sunnið telur hann Frímann ekki vera með réttu ráði¹⁰.

¹⁰ Sveinn Þórðarson, *Afl í segulæðum*, bls. 28.

Oddur V. Sigurðsson vélfræðingur kom í kjölfar Frímanns. Hann var reykvískur, sonur járnsmiðs og hafði flust ungur vestur um haf. Hann fann upp vél til að vinna kolvetnisgas og var búsettur í London um tíma. Þaðan kom hann árið 1897 til Íslands og sýndi gasvélina í Fjalakettinum. Þó var meginástæða ferðar Odds að vinna kalk úr Ešjunni. Tók hann fossa á leigu hjá jarðeigendum, sem áttu land að fossum, til að afla vatnsréttinda til raforkuframleiðslu. Hélt hann síðan aftur til Englands til að fá enska fjármálamenn til að leggja fram fé til framkvæmdanna. Félagið Iceland Water Power Exploration Syndicate Ltd. var því stofnað í þessu skyni, en lítið er þó vitað um það félag. Gekk Oddi og félögum nokkuð vel að gera leigusamninga við bændur. Kom fulltrúi félagsins til Íslands til að kanna aðstæður og leist honum best á Sogsfossana. Taldi hann þó að erfið hafnarskilyrði sunnanlands og fjarlægð frá sjó torvelduðu raforkuframleiðslu. Bændur höfðu hinsvegar slegið þann varnagla við leigusamningana að ef ekkert mannvirki yrði reist innan ársloka árið 1903 féllu leigusamningar úr gildi og sú varð raunin að ekkert var gert í málunum og féllu þá samningar þessir niður. Þá hafði og Eyjólfur Þorkelsson úrsmiður, sem menntaður var í Reykjavík og Noregi, lesið sér til um rafmagn í enskum og þýskum bókum. Smíðaði hann og setti upp rafljós á skrifstofu Ísafoldar, en aðeins var hægt að láta loga á þremur lömpum í einu. Hann spurðist fyrir um rafljós í Kiel og hvað myndi kosta rafstöð yrði reist við Álafoss. Fékk hann þau svör að það kostaði 20.000 krónur og félagið sem hann hafði samband við bauðst til að senda hingað mann til að koma búnaðinum upp. Setti félagið þau skilyrði að annaðhvort keypti bærinn búnaðinn og ræki fyrirækið eða að félagið fengi hæfilega vexti af fjármununum sem yrði varið til þess. Eyjólfur tjáði bæjarstjórninni frá þessu tilboði og var nefnd skipuð til að kanna málið, en það dagaði uppi í nefndinni.¹¹

Eftir þetta gufuðu allar tilraunir til rafmagnsframleiðslu á Íslandi upp í bili, eða þangað til ungur maður austan úr Mýrdal reið á vaðið og hóf fyrstu tilraunir við að raflýsa Ísland. Í lok 19. aldar var mikil ásókn erlendra auðmanna í íslenskar ár og fossa, einkum vegna laxveiðinnar, og varaði Valdimar Ásmundsson mjög við þessari ásælni og taldi mikið afl og auð vera falið í íslenskum ám sem nota mætti til ljósa og hita. Einar Benediktsson fór að safna jörðum, en þegar hann sá að ekki yrði lagt í raflýsingar gafst hann upp á því við að afla rafmagninu fylgis og seldi erlendum manni sinn hlut í Elliðaánum.¹² Í upphafi 20. aldarinnar skaut upp kollinum ungur, Íslendingur

¹¹ Sigurður Ragnarsson „Fossakaup og framkvæmdaáform“, bls. 128-135; „Nýtt gasljós“, bls. 222

¹² Sveinn Þórðarson, *Afl í segulæðum*, bls. 1-37; Guðjón Friðriksson, *Einar Benediktsson* 1 bd., bls. 154-178.

menntaður erlendis í raffræði sem vildi veita þjóð sinni birtu með raflýsingu. Var þetta gert í eigin hagsmunaskyni? Var þetta hégómagirni eða einlægur vilji til að láta gott af sér leiða? Hvernig tókst honum að ryðja sér braut og nema raffræði erlendis? Hver var hann þessi maður og hver var fyrirætlun hans?

Ætt og uppruni

Hver var hann ungi pilturinn úr Mýrdalnum sem varð einn af frumkvöðlum þess að skapa nýja öld, ýmissa tæknibreytinga, og veita birtu í hífýli Íslendinga með raflýsingu? Hann hét Halldór Guðmundsson og var fæddur í Eyjarhólum í Mýrdal þann 14. nóvember 1874. Sjálfur taldi Halldór þó fæðingardag sinn þann 7. desember og kom honum mjög óvart þegar hann fékk sent fæðingarvottorð sitt til Kaupmannahafnar árið 1902 að sjá fæðingardaginn skráðan þann 14. nóvember.¹³ Foreldrar hans voru Guðmundur Ólafsson, bóndi í Eyjarhólum, fæddur árið 1832, og kona hans Guðrún Þorsteinsdóttir frá Úthlíð í Biskupstungum, einnig fædd árið 1832. Voru þau Guðrún og Guðmundur systrabörn og urðu því að fá konungsleyfi til að giftast.¹⁴ Eyjólfur bróðir Halldórs sagði frá fæðingu hans í bók sinni *Lengi man til lítilla stunda*, en yfirsetukona við fæðinguna var Ingibjörg Erlendsdóttir frá Skammadal. Var Eyjólfur þá fjögurra ára og var ekki hrifinn af fæðingunni og fór til ömmu sinnar, Ingveldar Jónsdóttur frá Drangshlíð, og bað hana að láta ekki koma fleiri systkini. Amman svaraði honum því til að börnin væru Guðs gjöf og réði hann tilvist og fæðingu þeirra.¹⁵ Var Halldór tólfta barn þeirra Eyjarhólahjóna og yngst þeirra, en Guðrún átti einn son fyrir hjónaband. Litla snáðanum í Eyjarhólum var gefið nafnið Halldór eftir vini þeirra Eyjarhólahjóna, Halldóri Bjarnasyni, snikkara á Sólheimum. Fékk litli snáðinn í vöggugjöf smiðseðlið og var skarpur til náms. Á Eyjarhólaheimilinu var gömul kona, Sólveig Benediktsdóttir niðursetningur, og sat hún oft með litla drenginn og orti um hann barnagælu. Spáði hún vel fyrir honum og var hann afar hændur að henni. Ein gælnanna sem Sólveig orti um drenginn þegar illa lá á honum hljómaði svo:

Halldór minn á heldur bágt
Hjartað berðu sjaldan kátt
Hann sem býr í himni hátt
Hjálp þér í raunum þrátt

Indæll vertu, ef þú tórir
og í verkum snar.
Sæmilegur seggur Dóri,
sonur Guðmundar.¹⁶

¹³ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólf Guðmundssonar, 3. mars 1902.

¹⁴ Eyjólfur Guðmundsson, *Pabbi og mamma*, bls. 7, 36 og 47; Einkaskjalasafn. Óbirtar heimildir eftir Eyjólf Guðmundsson.

¹⁵ Eyjólfur Guðmundsson, *Lengi man til lítilla stunda*, bls. 14.

¹⁶ Eyjólfur Guðmundsson, *Lengi man til lítilla stunda*, bls. 19.

Eyjólfur bróðir Halldórs lýsir aðstæðum á bernskuheimili sínu og þeim verkum er börn og unglingar voru látin vinna í nokkrum ævisagnabrotum sem komu út fyrir allmörgum árum. Leiðinlegir þóttu honum snúningarnir og hlaup og eltingaleikir við ýmsar skepnur. Alltaf var sífelldur eftirrekstur og var börnunum skipað að flýta sér og ekki drolla, líta vel í kringum sig og haga sér hyggilega, allt þetta fylgdi snúningunum.¹⁷ Flest verk fylgdu árstíðum og þótti Eyjólfu litla að Halldór, bróðir sinn, slyppi betur við snúningana og verða fljótari að vinna með fullorðna fólkinu, en hann. Halldór þótti laghentari, hæglátari og gamansamur og hnyttinn.¹⁸ Öll börn og unglingar vöktu yfir túnunum á nóttinni á vorin voru störf barna og unglunga og lýsir Eyjólfur því nokkuð í bók sinni *Vökunætur*. Þar segir hann frá fyrstu vökunótt Halldórs litla og var hann kátur og hlakkaði til næturinnar. Eyjólfu fannst ábyrgðin þyngjast við það. Vökustaurinn þeirra, nestið til næturinnar, var hveitikaka með góðu áleggi og þegar nestisbitinn var snæddur vildi Halldór litli fara að háttu. Sagðist hann vera með hroll enda aðeins tæplega fjögurra ára. Stökk hann upp baðstofustigann hvað sem eldri bróðirinn sagði.¹⁹

Börnin í Eyjarhólum gengu í öll verk sem þau höfðu aldur og getu til að vinna eins og önnur börn og unglingar þess tíma og samræmist niðurstöðu sem Guðmundur Hálfðanarson komst að í grein í tímaritinu *Sögu um uppeldislegt og siðferðilegt gildi barnavinnunnar*. Þar sem börn unnu allskonar verk og snúninga, eins og að reka og sækja kýr og hesta, vaka yfir túnunum á vorin og ýmislegt annað sem tilfallandi var á sveitaheimilum.²⁰ Eyjarhólaheimilið var stöndugt heimili á þess tíma mælikvarða, heimilisfaðirinn stundaði sjósókn í svonefndu Maríuhliði í sandinum fyrir vestan Pétursey og lét setja þar upp sjóbúðir.²¹ Guðmundur var mikill ákafamaður við öll verk og hafði enda vanist því heima í föðurgarði.²² Hann hafði yndi af allri jarðrækt og kom sér upp stórum matjurtagörðum. Hann hafði vanist þeirri vinnu er hann dvaldi um tíma hjá verðandi tengdaföður sínum, Þorsteini Þorsteinssyni, bónda í Úthlíð í Biskupstungum, er var lærður garðyrkjumaður frá Danmörku og hafði stóra og mikla matjurtagarða á heimili sínu.²³ Guðmundur var alla tíð afar árrisull og var kominn á

¹⁷ Eyjólfur Guðmundsson, *Lengi man til lítilla stunda*, bls. 44-46.

¹⁸ Eyjólfur Guðmundsson, *Lengi man til lítilla stunda*, bls. 84.

¹⁹ Eyjólfur Guðmundsson, *Vökunætur* 1.b., bls. 25.

²⁰ Guðmundur Hálfðanarson, „Börn – höfuðstóll fátækklingsins“, bls. 121-145.

²¹ Eyjólfur Guðmundsson, *Pabbi og mamma*, bls. 99-138.

²² Eyjólfur Guðmundsson, *Afi og amma*, bls. 41-68.

²³ Eyjólfur Guðmundsson, *Pabbi og mamma*, bls. 35, 46, 67-69.

fætur um fjögurleytið á morgnana og oftast var unnið til 10-11 á kvöldin. Orðtak hans var að leiðinlegasta fólk sem hann þekkti væru latir strákar, sem rétt lufsuðust áfram.²⁴ Guðrún húsfreyja var aftur á móti hlý og umhyggjusöm og mikil trúkona. Hún kenndi börnum sínum bænir og sálma, en heimilið var gestrisið og þar átti mörg mæðumanneskjan húsaskjól til lengri eða skemmri tíma.²⁵ Árið 1882 flutti Eyjarhóla fjölskyldan að Felli í Mýrdal. Fell var áður prestsetursjörð, en presturinn sr. Lárus M. Þorláksson var þá fluttur að Suður-Hvammi.

Fjölskyldan á Felli flutti suður í Mosfellssveit árið 1888 og munu ýmsar ástæður hafa verið þess valdandi. Guðrún húsfreyja var heilsutæp og þurfti að vera nálægt lækniástoð. Samkvæmt munnmælasögum hafði völvu nokkur er bjó í fyrndinni á Felli lagt það á að enginn skyldi búa lengur á Felli en 20 ár, því að þá myndu óhöpp steðja að. Mun Árni sonur Guðrúnar, sem bjó á Víðinesi í Kjós, hafa verið fenginn til að svipast um eftir jarðnæði handa þeim. Var Halldór 13 ára þegar fjölskyldan flutti að Laxnesi í Mosfellssveit og hafði fengið undanþágu til fermingar um vorið vegna þess hve fljótur hann var að læra og vel á vegi staddur með lærdóminn.²⁶

Sjósóknarinn Guðmundur í Eyjarhólum undi sér vel við veiðiskap í Leirvogsvatni, en hann tók að stunda veiðar þar og hafði Halldór með sér. Vatnið liggur í 6,5 km beina leið frá Laxnesi og þangað gengu þeir feðgar um miðjar nætur og stunduðu veiðiskap og urðu að vera komnir aftur heim í Laxnes áður en útiverk hófust á morgnana kl. 6.²⁷

Eyjólfur sagði í bók sinni *Lengi man til lítilla stunda* að þeim bræðrum hafi verið gefnir sinn hvor folinn heima í Laxnesi. Drapst foli Halldórs við vörun en foli Eyjólfur lifði. Öldruð kona í Laxnesi, Guðrún af nafni, eyfirsk lausakona, spáði við fráfall fola Halldórs að Halldór yrði aldrei búandi, en færi víða og yrði frægur maður. Vildi þá eldri bróðirinn vita hverju hún spáði fyrir sér. Sagði hún þá að Eyjólfur yrði gæfumaður en braut hans yrði miklu seinfarnari en bróðurins.²⁸

Guðmundur í Eyjarhólum hélt áfram að stunda veiðar í Leirvogsvatni og fékk til liðs við sig Þorstein Jónsson járnsmið og fylgdi kona hans Guðrún Bjarnadóttir honum að Laxnesi og þannig hófust kynni þeirra Laxnesfjölskyldunnar við þau

²⁴ Eyjólfur Guðmundsson, *Pabbi og mamma*, bls. 48, 62 og 255.

²⁵ Eyjólfur Guðmundsson, *Pabbi og mamma*, bls. 192-197 og *Lengi man til lítilla stunda*, bls. 18-30.

²⁶ Eyjólfur Guðmundsson, *Lengi man til lítilla stunda*, bls. 140-148.

²⁷ Eiríkur Ormsson, „Aldarafmæli Halldórs Guðmundssonar raffræðings“, bls. 66.

²⁸ Eyjólfur Guðmundsson, *Lengi man til lítilla stunda*, bls. 170-171.

Þorstein og Guðrúnu. Leiddu þau kynni til þess að Halldór fór sem járnsmíðanemi til Þorsteins enda höfðu þau umskipti orðið í Laxnesi að Guðrún móðir Halldórs lést haustið 1888, þegar Halldór var í göngum á Mosfellsheiði. Það leiddi til þess að bræðurnir undu ekki í Laxnesi.²⁹

Halldór hafði ráðið sig járnsmíðanema í Reykjavík og hafði fæði og húsnæði hjá Þorsteini og Guðrúnu haustið 1892. Eftir þetta bjuggu bræðurnir ekki á sama heimili og eru elstu varðveittu bréf Halldórs til Eyjólfss þá árinu 1895 þegar hann lýsti ferðalagi sínu upp í Mosfellssveit til að halda jólin 1894 þar.³⁰ Í bréfi dagsettu 28. febrúar sama ár skrifar hann bróður sínum um framtíðaráætlanir sínar. Sagði Halldór að vegirnir að framtíðinni væru tveir, annar væri greiðfær og auðveldur yfirferðar, þar sem menn gleymdu sér í gleði og glaumi á leiðinni að takmarki sínu. Þeir sem færu hinn erfiðari og grýtta veg yrðu aftur á móti að leggja mikið á sig áður en takmarkinu væri náð. Halldór ólst upp við mikla trúrækni á bernskuheimilinu og vísaði þarna til orða Jesú Krists um breiða og mjóa veginn samkvæmt táknmáli kristninnar. Sjálfur lýsti Halldór þessu vali sínu milli þessara tveggja valkosta; hann valdi torsióttu leiðina, þar sem allskonar hindranir yrðu á leið hans og næði hann að lokum markmiði sínu. Þennan veg sagðist Halldór hafa ætlað að ganga frá því hann var barn. Þarna lýsti hann einnig áætlunum sínum; hann vildi afla sér frekari menntunar til gagns fyrir landið sitt. Í þessu bréfi nefnir hann einnig hvers þurfi með til að stofna til hjónabands og hvað þurfi til að geta séð fyrir eiginkonu.³¹ Halldór lauk járnsmíðanáminu árið 1898, en á námstímanum var lærði hann einnig vélritun og reikning hjá pilti sem var í verslunarskólanum. Í bréfi til Eyjólfss sagði hann að mikil vinna væri í smiðjunni og eina nóttina sagðist hann hafa unnið frá kl. 5 um morgun til kl. 3 næstu nótt. Eftir að járnsmíðanáminu lauk réðst Halldór í brúarsmíði í Borgarfirðinum, en þar bjó hann í tjaldi eins og fleiri og hafði fæði í Norðtungu. Að þeirri vinnu lokinni fór hann til Reykjavíkur, þar sem hann stundaði nám næsta vetur í alþýðuskóla. Í bréfum frá þessu tímabili getur hann þess að hann ætlaði sér að sækja um iðnaðarmannastyrk og velti fyrir sér að fara og læra járnbrautarsmíði og bað bróður sinn um að leita til þingmanns Vestur-Skaftfellinga til að fá styrk. Næsta sumar vann hann við brúarsmíði í Hörgárdalnum, en siglir til Kaupmammahafnar haustið 1899. Förlinn var heitið til að

²⁹ Eyjólfur Guðmundsson, *Minningar úr Mýrdal*, bls. 11-13.

³⁰ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 18. janúar 1895.

³¹ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 28. febrúar 1895 og „Mattheusar guðspjall,“ 7:13.

læra vélfræði, þótt hann velti líka fyrir sér að læra gufuvélfræði, en rafmagnsfræðin varð samt ofan á.³² Hvað sá hann markverðast á siglingunni yfir hafið og hvernig gekk honum að fóta sig erlendis?

³² Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 30.október 1897- nóv. 1899.

Námsárin í Kaupmannahöfn og Berlín

Í bréfi til bróður síns lýsti hann ferðalaginu nokkuð vel. Sagðist hann hafa komið til Leith í Skotlandi, þar sem hann sá „hárfínan svertingja“, nokkuð sem sveitapilturinn hafði aldrei fyrr augum litið. Hann hreifst mjög af Kaupmannahöfn þegar hann kom þangað og þótti undurfagurt þar við vötnin. Trjágróðurinn í borginni var mikill og hann var mjög hrifinn af rafmagnsljósunum. Hann sagði að ferðin hafi kostað 90 krónur og fyrst í stað var hann atvinnulaus. Honum þótti dýrt að lifa í stórborginni, því að húsnæði var dýrt – það kostaði 45 krónur á mánuði.

Loks fékk hann vinnu við Orlogs-værfet, herskipasmíðastöð Kaupmannahafnar. Þangað var þriggja kortera gangur frá heimili hans og þurfti hann að fara í gengum hermannavarðstöðvar til að komast inn í stöðina. Í fyrstu sagðist yfirmestarinn enga vinnu hafa handa honum, en svo var hann spurður að því hvort hann gæti stýrt skráfuvél og einhver undirmaður sagði honum til. Vinnan hófst klukkan 8 á morgnana og lauk kl. 15:30. Þar lærði hann vélfræði, og sagði hann allar vélar ganga fyrir rafmagni og allt væri uppljómað með rafmagnsljósum. Allir verkamennirnir urðu að ganga með hvít skyrtubríóst og fengu þeir útborgað á föstudögum. Auk þess gekk hann í tækniskólann á hverju kvöldi og lærði teikningu tvisvar sinnum í viku. Hann lýsti því hvernig hann varði deginum og sagðist fara á stúdentaheimili háskólans á Garði, Regensen, þar sem hann las íslensku blöðin.

Hann var menningarlega sinnaður og sagðist vera búinn að skoða safn Friðriksborgarhallar, þar sem hann sá styttu af Snorra Sturlusyni, hnött yfir alheiminn, o.fl. Hann lýsir því hvernig hann hreifst af öllu skrautinu og klukkum sem spiluðu lag á hverjum klukkutíma. Sagðist hann ekki hafa séð eftir þeim 2,50 krónum sem hann eyddi í inngangseyri. Halldór lifði spart og drakk vatn með matnum til að spara, en þó sagðist hann hafa keypt sér föt fyrir 50 krónur, hatt fyrir 4 krónur og stígvél fyrir 14 krónur. Hann eignaðist marga íslenska kunningja í Kaupmannahöfn, sem þar voru við nám, eins og t.d. Ásgrím Jónsson málara og Sigurmund Sigurðsson, sem var að læra lækisfræði. Einnig kynntist hann mönnum sem voru að læra iðnverk, eins og t.d. Guðmundi Gamalíelssyni, sem var að læra bókband. Hann stundaði líka ýmsar skemmtanir, svo sem í skógunum, og hélt upp á Íslendingadaginn með kunningjunum á þrettándanum og í Tívolí. Þá sótti hann dansskóla þar sem hann lærði að dansa nýmóðins dansa. Hann hætti að vinna í Orlogs-værfet í maímánuði 1901 til að lesa undir vélfræðiprófið, sem hann lauk í ágústlok árið 1901. Við það fékk hann réttindi

til að starfa á stærstu skipum hafsins og bauðst honum m.a. vélstjórastaða á vegum Austur-Indíafélagsins, sem hann afþakkaði. Þá var hann farinn að vinna við rafmagnnið úti í Kaupmannahöfn og var farinn að hugsa um að fara til Þýskalands til að læra raffræði. Fékk hann til þess 200 króna styrk frá ríkissjóði. Árið 1902 skrifar hann Eyjólfí bróður sínum og bað hann að biðja sýslumann Vestur-Skaftfellinga, Guðlaug Guðmundsson, að senda sér „bevis“ þannig að hann gæti farið til annarra landa. Til að undirbúa sig fyrir Þýskalandsdvölinu las hann þýsku hjá Birni Jónssyni, ritstjóra og síðar ráðherra, sem þá bjó í Kaupmannahöfn.³³ Árið 1902 var Halldór kominn til Berlínar frá Kaupmannahöfn en þar voru atvinnuhorfur ekki góðar. Mikið atvinnuleysi var í borginni, en Eiríkur Ormsson sagði síðar að Halldór hafi fengið styrk frá ríkissjóði sem hann áleit að Björn Kristjánsson hafi haft frumkvæði að.³⁴


Á Kaupmannahafnarárunum hafði hann kynnst ýmsum mönnum sem höfðu þekkingu á rafmagninu og höfðu tröllatru á mikilvægi þess. Þegar hann komst til Þýskalands leist honum ekki á blikuna hvað atvinnuhorfur sínar varðaði, því að hann var sama sem mállaus. Dreif hann sig eldsnemma á fætur á hverjum morgni til að geta keypt morgunblöðin með atvinnuauðgýsingum. En það var sama hversu snemma hann reis úr rekkju, alltaf voru einhverjir aðrir komnir á undan honum. Loksins datt hann niður á atvinnu við eldsmíðar í kjallaraholu og segir Gísli sonur hans að Íslendingnafnið hafi komið honum áfram.³⁵ Síðan fékk hann vinnu við verksmiðju sem bjó til rafmagnstæki. Halldór þurfti að taka próf upp í rafmagnsfræðiskólann, Fachschule für Elektrotechnik innan handverksskólans í Berlín. Þar þurfti hann að sýna kunnáttu sína í stærðfræði og efnafræði og skrifa æviágrip sitt á þýsku. Úr skólanum útskrifaðist hann í septemberlok árið 1903. Á lokaprófinu teiknaði hann rafmagnsmótor sem sveinsstykki og endurbætti hann síðan mótorinn. Þetta þótti nýjung og keypti skólinn teikningu hans.³⁶

³³ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 31. ágúst og 1. september 1901; Eiríkur Ormsson, „Aldarafmæli Halldórs Guðmundssonar raffræðings“, bls. 66.

³⁴ Gísli Halldórsson, „Halldór Guðmundsson raffræðingur: íslensk rafmagnsöld og véla“, bls. 293.

³⁵ Gísli Halldórsson, „Halldór Guðmundsson raffræðingur“, bls. 294.

³⁶ Gísli Halldórsson, „Halldór Guðmundsson raffræðingur“, bls. 294.



Mynd 1: Eyjólfur Guðmundsson



Mynd 2: Einar Jónsson myndhöggvari, Halldór Guðmundsson raffræðingur og Baldvin Björnsson gullsmiður

Hvernig féll honum svo vistin í Berlín? Hann var ekki allskostar hrifinn af dvölinni, því að honum þótti húsnaðið og fæðið bæði dýrt og lélegt – stundum var maturinn jafnvel óætur. Þar að auki þoldi hann illa loftslagið.³⁷ Hinsvegar eignaðist hann fjöldann allan af góðum vinum og kunningjum í skólanum. Bjó hann með Baldvin Björnssyni gullsmið, föður Björns Th. Björnssonar listfræðings. Því var þar oft glatt á hjalla.³⁸ Halldór lýsti í einu bréfi til bróður síns einu atviki er átti sér stað er hann dvaldi í Berlín eftir að skólanum lauk. Hann var fenginn til að raflýsa í herstöð og var með menn í vinnu. Einn þeirra, rumur mikill, vildi láta reyna á Íslendinginn. Var hann hinn erfiðasti við Halldór og hlýddi honum ekki í neinu. Að sögn Halldórs kom að lokum til átaka á milli þeirra í illu og hafði Halldór ruminn undir. Eftir það skipaðist svo veður í lofti að maður þessi varð eins og ljúfasta lamb og varð svo undirgefinn Halldóri og vildi allt fyrir hann gera.³⁹ Enn sem fyrr var Halldór ákaflega menningarlega sinnaður: hann fór og skoðaði söfn og dýragarða og vorkenndi flóðhestunum mikið. Segir hann frá ferðalagi sem hann er að hugsa um að fara í með félögum sínum til að skoða stærsta stjörnuvíki í heimi. Halldór sagðist vera lítil

³⁷ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólf Guðmundssonar, 9.apríl 1903.

³⁸ Gísli Halldórsson, „Halldór Guðmundsson raffræðingur“, bls. 294.

³⁹ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólf Guðmundssonar, október – nóvember 1902.

höfðingjasleikja og fannst illa vera komið fram við iðnaðarmenn af íslenskum embættismönnum, erlendis væri miklu betur komið fram við þá.⁴⁰ Halldór lýsti skólanum nokkuð og sagði að hann væri dýr. Hann fékk engan styrk frá Iðnaðarmannafélaginu, en hann fékk opinberan danskan styrk upp á 500 krónur sem gerði honum kleift að ljúka skólagöngunni. Skólinn kostaði 100 merkur, sem greiddust í tveimur greiðslum, 50 merkur fyrir áramót og aðrar 50 merkur seinni önnina.⁴¹ Haustið 1903 var hann orðinn útlærður raffræðingur og velti þá fyrir sér hvað til bragðs skyldi taka.

⁴⁰ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 5. janúar 1903.

⁴¹ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 23. ágúst 1902.

Fyrstu starfsárin

Frá fyrstu tíð hélt Halldór nákvæma skrá yfir allt sem viðkom námi hans og starfi.⁴² Eftir að náminu lauk fékk hann styrk frá Alþingi til að kynna sér rafmagnsstöðvar í Sviss. Þá reyndi hann fyrir sér í Skotlandi, en var synjað um atvinnuleyfi sökum mikils skorts á atvinnu þar, að sögn Gísla sonar hans. Hélt hann því heim til Íslands og segir í *Fjallkonunni* frá komu Halldórs til landsins, sem fyrsta raffræðingsins.⁴³ Íslenskir ráðamenn á þessum tíma voru ekki trúaðir á ágæti rafmagnsins og tilvonandi mágur Halldórs, Engilbert Gíslason í Vestmanneyjum, skrifaði Halldóri til Skotlands og lýsti þar þeirri skoðun sinni að hann vissi ekki fremur en Halldór hvað hann ætti til bragðs að taka varðandi atvinnu í greininni. Engilbert ráðlagði honum helst að skrifa um rafmagnið og hvernig hægt væri að virkja afl fossanna í þágu rafvirkjunar.⁴⁴

Á námsárunum í Berlín hafði Halldór leitað til Jóns Þorlákssonar verkfræðings, sem var mótfallinn rafmagninu. Ráðlagði Jón Halldóri að sækja um kennslu við Iðnskólann í vélfræði frekar en að reyna fyrir sér við að ryðja rafmagninu braut á Íslandi – e.t.v.hafa þessi viðbrögð Jóns orðið til þess að fátt var með þeim Halldóri æ síðan.⁴⁵ Þá var það árið 1904 að hinn þingeyski trésmiður Jóhannes Reykdal, verksmiðjueigandi í Hafnarfirði, útvegaði sér rafmagnsvélar í Noregi fyrir verksmiðju sína, en hafði ekki kunnáttu til að setja vélarinnar upp sjálfur. Hafði Jóhannes lært í Danmörku eftir nám á Akureyri og farið í heimsókn til systur sinnar, sem bjó í Noregi. Heimkominn setti Jóhannes upp trésmíðaverkstæði í Hafnarfirði við Hamarskotslæk. Hafði hann í Norgsheimsókninni komist í kynni við rafmagnið og orðið mjög hrifinn af því og möguleikum þess við vinnu í verksmiðjunni. Jóhannes hafði fengið umráðarétt yfir Hamarskotslæk í Hafnarfirði í gengum sóknarprestinn Jens Pálsson í Görðum. Fékk Jóhannes sér átta vélar sem knúnar voru áfram af fallorku lækjarins, þannig að vatninu var veitt úr læknum inn í vélarhúsið. Þar sem Jóhannes skorti kunnáttu til að koma vélunum fyrir, fékk hann Halldór til verksins. Í bréfi til Eyjólfss segir Halldór að vélin, sem kom til landsins, hafi verið svo þung að það hafi þurft 16 menn til að lyfta henni. Hinsvegar gat hann ekki lokið verkinu þar sem efni vantaði í

⁴² Einkaskjalasafn. Kassar 1A-1D.

⁴³ Gísli Halldórsson, „Halldór Guðmundsson raffræðingur“, bls. 296; „Hinn fyrsti íslenski rafmagnsfræðingur“, bls. 105.

⁴⁴ Gísli Halldórsson, „Halldór Guðmundsson raffræðingur“, bls. 296.

⁴⁵ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 30. júlí 1904 og Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Jón Þorláksson forsætisráðherra*, bls. 81 og 124–125. Ásgeir Guðmundsson, *Saga Hafnarfjarðar*, 2. bd., bls. 7-15.

rafmagnsljósinn og á meðan beðið var eftir því setti hann upp 10 hestafla mótur í trésmiðju í Reykjavík. Var Halldór með tvo menn með sér við verkið. Blöðin sögðu frá því að nú stæði til að koma upp vatnsleiðslu í Hafnarfirði og sá sami stæði fyrir þeirri framkvæmd og hafi áður raflýst trésmíðaverkstæði sitt í Hafnarfirði. Fyrstu ljósin voru kveikt í 16 húsum í Hafnarfirði, m.a. á verkstæði og íbúðarhúsi Reykdals. Voru sett upp fjögur rafmagnsljósker í bænum bænum, var rafmagnsframleiðslan 9 kw og kostaði 6 krónur á ári fyrir afnot af 16 kertaljósaperum, sem samsvar í dag til 25 w peru. Greiddu notendur fyrir ákveðinn ljósafjölda, en ef ljósastæðin voru fleiri en þessi venjulegu tvö, sem voru tekin þurfti að bera perurnar milli herbergja. Blöðum þess tíma þótti þetta merkilegt framtak og *Ísafold* skrifaði um væntanlega raflýsingu í Hafnarfirði og nokkrum dögum seinna tók *Þjóðviljinn* í sama streng. Jóhannes sá sjálfur um að ekki væru fleiri ljós notuð en greitt hafði verið fyrir og seldi því perurnar sjálfur. Halldór sagðist einnig hafa sett niður vatnsleiðslurör í Hafnarfirði á vegum Jóhannesar Reykdal og hafa fengið 5 krónur á dag í verklaun og að hann væri í fríu fæði hjá Ágúst Flygenring, kaupmanni og síðar alþingismanni, en tíðarfarið var slæmt og hann var alltaf rennandi blautur í fæturna í gaddinum. Hann lýsti í bréfi til bróður síns að hann hefði verið sóttur á jóladagsmorgun til að gera lítilsháttar við rafmagnið.⁴⁶

Þá tóku við ýmiss konar önnur störf. Þannig setti hann upp vélar fyrir ritsímamann í Reykjavík. Einnig setti hann upp vélar og síma fyrir prentsmiðjuna Gutenberg. Síðan vildi Einar Benediktsson fá Halldór til að raflýsa hjá sér, en því hafnaði hann.⁴⁷

Þá kom hann upp raflýsingu í ullarverksmiðjunni að Reykjafossi í Ölfusi og ferðaðist niður á Eyrarbakka og Stokkseyri til að athuga með raflýsingu þar. Síndist honum að erfitt yrði að koma upp rafveitum þar einkum á Stokkseyri, vegna fjarlægðar frá mögulegum virkjunum. Halldóri leist hins vegar betur á foss í ósi skammt frá Laugardælum og fannst hann henta vel sem rafmagnsaflgjafi. En frekari rannsóknir voru nauðsynlegar og sagði blaðið *Þjóðólfur* að ef vatnsaflíð reyndist nóg yrði það miklu ódýrara fyrir húsin og kaupstaðina.⁴⁸

En ekki höfðu menn meiri trú á rafmagninu en svo að um skeið var Halldór atvinnulaus. Fékk þá vinnu sem yfirsmiður við Sogsbrúna. Þar sagðist hann ekki vinna

⁴⁶ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 7. janúar 1905.

⁴⁷ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 15. apríl 1905.

⁴⁸ Ásgeir Guðmundsson, *Saga Hafnarfjarðar*, 2. bd., bls. 7-15; „Rafmagnslýsing í Hafnarfirði“, bls. 194-195; „Pistill úr Árnesþingi“, bls. 35; „Rafmagnslýsing og vatnsveita í Hafnarfirði“, bls. 124; „Halldór Guðmundsson rafmagnsfræðingur Vesturgötu 25“, bls. 180; *Iðunn* 1. júlí 1923, bls. 1-2.

beint sjálfur við verkið heldur hefði hann yfirumsjón með brúarsmíðinni og annaðist ýmsar útréttingar við brúarsmíðina. Óskaði hann þess í bréfi til Eyjólfss bróður síns að hann gæti verið viðstaddur vígsluathöfnina, sem yrði í septemberbyrjun. Þar mætti ráðherrann Hannes Hafstein og fór hann lofsamlegum orðum brúarsmíðina og verk Halldórs í ræðu sem hann hélt þegar brúin var vígð.⁴⁹ Eins og áður er á minnst hafði Halldór raflýst í Hafnarfirði fyrir Jóhannes Reykdal og nokkur önnur hús, þá hélt hann aftur til Hafnarfjarðar og lauk við að raflýsa þar árið 1906.⁵⁰

Halldór sótti um styrk til bæjarstjórnar Reykjavíkur til að fara til Noregs árið 1905 og kynna sér að eigin raun rafveitumál þar í landi og veitti bæjarstjórn honum 300 króna styrk (Gísli sonur Halldórs sagði reyndar styrkuppþæðina hafa numið 500 krónum). Hinsvegar var skilyrt af hálfu bæjarstjórnar að bæjarstjórnin fengi við heimkomu hans öll þau gögn sem nauðsynleg væru til raflýsingar Reykjavíkur. Hann lýsti ferðalaginu í bréfi til bróður síns við heimkomuna og er þá búinn að fara til sex bæja með svipuðum íbúafjölda og Reykjavík hafði og skoðaði þar rafmagnsstöðvar og átti hann að kynna sér hvernig rafstöðvarnar nýttust þar og þaðan fór hann til Berlínar og skoðaði fimm verksmiðjur þar. Í einni þýsku verksmiðjunni unnu um 30.000 manns við rafmagnið og eignir félagsins voru um 10 milljónir marka. Hann aflaði margra mikilvægra upplýsinga á ferðalaginu, en þótt að hafi kvartað yfir því að hafa alltaf þurft að vera fínn í tauinu, því hann hitti svo marga háttsetta menn. Heimkominn skilaði svo Halldór skýrslu um ferðina og lagði þar til að Sogið verði virkjað.⁵¹ Þá lýsti Halldór í bréfi um sumarið 1906 að hann hefði lent í rimmu við Knud Zimsen yfirverkfræðing út af raflýsingu á fundi í Bárúhúsinu, húsi sjómanna. Hann sagðist hafa hundskammað Knud og ekkert gefið honum eftir. Hafði Knud henst út í vonsku og Halldór kallaði á eftir honum að hann skyldi sekta sig ef hann þyrði. Á bæjarstjórnarfundi, sem haldinn var sama sumar hélt einn bæjarstjórnarmanna, Kristján Þorgrímsson, bæjargjaldkeri langa ræðu um umbúnað Halldórs við Bárúhúsið, þar hefði verið sett upp rafmagn í leyfisleysi og eftirlitslaust og allir gyldu þess ef útbúnaðurinn stæði. Við raflýsingu myndi brunabótagjald á öllum nærliggjandi húsum hækka. Halldór sat undir ræðunni og sagðist hafa átt bággt með að verjast hlátri yfir allri þessari delu. Hann vissi að þetta mál væri allt runnið undan rótum Knuds Zimsen. En

⁴⁹ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 4. september 1906 og 5. janúar 1907; „Vígsluathöfnin“, bls. 168; Guðjón Friðriksson, *Eg elska þig stormur*, bls. 436-438.

⁵⁰ Ásgeir Guðmundsson, *Saga Hafnarfjarðar*, 2.bd., bls. 7-15.

⁵¹ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 24.mars 1906 og Eiríkur Ormsson „Aldarafmæli Halldórs Guðmundssonar raffræðings“, bls. 67

svo margir bæjarstjórnarmenn töluðu á móti Kristjáni að hann vogaði sér ekki að taka til máls aftur á fundinum. Halldór hafði á tilfinningunni að verkfræðingar vildu með öllu móti koma sér frá störfum og athyglisvert er hvað menn vissu lítið um rafmagnið. Það vekur athygli að Knud Zimsen minnst hvergi á þetta atvik í endurminningum sínum.⁵² Þá lagði Halldór rafleiðslu um haustið 1906 í Kleppsspítalann og fékk 90 auro á tímann og var þá búinn að raflýsa í Hafnarfirði.⁵³ En hvernig gengu raflýsingamálin fyrir sig í Reykjavík þar sem Halldór dreymdi stóra drauma um að virkja fyrir höfuðstaðinn og taldi með réttu að rafmagnið væri framtíðin?

⁵² Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 7. júlí 1906; Knud Zimsen, *Við fjörð og vík*, bls. 91-137

⁵³ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 2. desember 1906

Rafmagn eða gasstöð – hvað vildu Reykvíkingar?

Þegar Halldór Guðmundsson hafði raflýst Hafnarfjörð fóru Reykvíkingar að öfunda Hafnfirðinga vegna rafmagnsljósanna og vildu einnig fá rafmagn. Þótti mörgum það til skammar að höfuðborgin stæði að baki Hafnarfirði. Eftir heimkomu Halldórs úr ferðinni til Noregs og Þýskalands árið 1906 hafði honum snúist hugur um að virkja Elliðaáarnar. Hann færði rök fyrir því að ekki hefðu verið gerðar nægar rannsóknir á Elliðaánum, óvíst væri með ísrek í þeim og vatnsrennsli gæti verið misjafnt eftir árstímum. Þá stóð honum einnig stuggur af því að Elliðaáarnar voru í höndum erlendra manna. Halldór taldi að Sogið yrði mun heppilegra til virkjunar, en þar sem fjarlægðin væri of mikil frá Reykjavík þyrfti geysistöra stöð og Reykjavík gæti ekki staðið undir þeim kostnaði sem fylgdi byggingu hennar. Því lagði hann til að reist yrði rafmagnsstöð í bænum, sem væri með tveimur olúhreyflum, annar væri 180 ha en hinn 135 ha.

Í blaðgrein í *Ísafold* í ágúst 1906 birtist útdráttur úr ferðasögu Guðmundar Hannessonar lækni á Akureyri þar sem hann lýsti því að hann hefði skoðað bæinn Aars á Jótlandi ásamt kollega sínum Stefáni Stefánssyni lækni. Bærinn var raflýstur bæði úti og inni og voru íbúarnir 900. Segir Guðmundur að bæjarbúar hafi séð um að nota hreyfiafl við raflýsingu vinnuvélanna, því hvergi var vatn nærri. Díselmótorar knúðu rafmagnsmótorana, steinólúgangvél, sem – að sögn þess sem skrifar greinina í *Ísafold* – Halldór Guðmundsson hafi ráðlagt að yrði notuð í Reykjavík. Að sögn Guðmundar var mótórin í Aars 20-30 hestöfl og sá um ljós á 600 lampa. Kostnaður við kaupin á sjálfum mótörnum var 10.000 krónur og við lýsingu þorpsins með öllum búnaði 25.000 krónur. Reksturinn gengi vel og trésmiður í þorpinu sá um gang vélarinnar í hjáverkum. Fékk hann 200 kr. í árslaun, og segir í Ísafoldargreininni að aflið væri svipað og Halldór hafi talið að Reykjavík þyrfti, þó að Reykjavík væri stærri. Guðmundur Hannesson minnst ekki á Halldór í grein sinni, en líklega hafði Björn Jónsson, ritstjóri *Ísafoldar* bætt nafni Halldórs við í útdrættinum af ferðalagi Guðmundar. Þá væru tveir kostir við díselvélarnar fram yfir gufuvélar: þær væru ódýrari og eldiviðareyðslan talsvert minni. Nota mætti óhreina steinolíu við brennsluna og eins þyrfti lítið eftirlit við vélar og hvaða liðléttingur sem væri gæti haft eftirlit

með þeim. Höfundur Ísafoldargreinarinnar var óánægður með dugleysi Reykvíkinga, að höfuðborgin stæði smáþorpum að baki.⁵⁴

Veturinn 1906–1907 fékk Halldór styrk frá landstjórninni og bæjarstjórn Reykjavíkur til að kynna sér rafmagnsmál og fór til Þýskalands þar sem hann kynnti sér rafmagnsstöðvar í sex þorpum. Var hann hrifinn af hversu margir menn voru þar við vinnu miðað við Ísland.

Í október 1906 samþykkti bæjarstjórnarfundur í Reykjavík að leita samninga við innlend eða erlend fyrirtæki til að koma upp rafmagns- eða gasstöð á eigin kostnað og reka hana um ákveðið árabil. Þá var horfið frá því að nota vatns- eða olíuhreyfla, eins og Halldór hafði lagt til, og ákveðið að nota skyldi gasið til eldunar og lýsingar. Þessa ályktun hafði þriggja manna nefnd samið og skipuðu nefndina Jón Þorláksson verkfræðingur, Halldór Jónsson bankagjaldkeri og Ásgeir Sigurðsson kaupmaður. Rökstuðningur þeirra félaga var á þá leið að þetta fyrirtæki kæmist fyrir af stað með þessu móti og bærinn losnaði þá við áhættuna á lántöku. Á þessum tíma stæðu yfir svo miklar framkvæmdir hjá bænum við ýmis stórverkefni eins og hafnargerð og frárennismál og fleira, sem allt kostaði mikið, þannig að bærinn yrði að fara varlega í aðrar framkvæmdir. Jón Þorláksson lagði áherslu á að íbúar bæjarins fengju gas til eldunar, það væri ekki minna virði en rafmagnið, en vildi þó hafa einkarekna rafmagnsstöð. Nefndin væri búin að kynna sér 26 bæi í Bretlandi, sem rækju rafstöðvar og hefðu allir bæirnir nema þrír tapað á rekstrinum og þetta hafði ráðið úrslitum að Reykjavíkurbær lagði ekki sjálfur í kostnaðinn. Ályktaði nefndin að það kostaði 200.000 kr. að koma stöðinni á fót og þá væri eftir að fá lóð undir bygginguna. Hinir fimm sem voru á móti ályktuninni vildu fá rafmagnsstöð sem fyrst sem bærinn reisti sjálfur.⁵⁵

Upphófust nú miklir flokkadrættir um hvaða leið skyldi valin. Thorvald Krabbe verkfræðingur skrifaði grein í *Lögréttu* og taldi gasstöðina mikla gróðauppsprettu. Hann hafði reynslu af því sjálfur að gasið væri miklu ódýrara fyrir fátæklingana, en rafmagnið væri fyrir ríkisbubbana.⁵⁶ Í tillögum sínum um virkjun Elliðaáanna hafði Halldór ætlað að rafmagnsstöð með öllum útbúnaði kostaði milli 70.000-80.000 kr. og bauðst hann til að virkja þær ef bærinn vildi standa með sér og útvega fjármagn. Hélt hann fram rafmagninu og vísaði þeim orðum Thorvalds á bug að það væri svo mikil

⁵⁴ „Raflýsing“; Eiríkur Ormsson, „Aldarafmæli Halldórs Guðmundssonar, raffræðings“, bls. 66-68.

⁵⁵ Árni Óla, „Gasstöðin kveður“, bls. 507-508.

⁵⁶ Thorvald Krabbe, „Gas og rafmagn“, bls. 193-194.

slysa hætta af rafmagninu. Taldi hann upp kosti og ágæti rafmagnsins og vitnaði í ýmsa erlenda vísindamenn máli sínu til stuðnings. Urðu mikil skrif um þessi mál og skiptust þeir á skoðunum um þau mál Halldór, Jón Þorláksson, Thorvald Krabbe og Erhard Schoepke verkfræðingur. Halldór skrifaði bróður sínum í júní 1907 og sagðist hafa ritað grein í *Ísafold* þann 22. maí þar sem hann varaði við fyrirtæki Carls Francke, sem ætlunin var að byggði gasstöð í Reykjavík, og gagnrýndi hann að bærinn hefði enga tryggingu gagnvart félaginu, sem með einkaleyfið færi. Það gæti grafið niður gaspípur og rafleiðslukapla eftirlits- og ábyrgðarlaust. Þá fannst Halldóri vankvæði með lagnir og vélar og benti á rafmagnsmælar gengju oft úr sér og endurkaupskjörin væru slæm. Taldi hann að bærinn kynokaði sér við að greiða þá fjármuni og varaði við gasinu.

Ritaði Schoepke grein í *Lögrétta* og gagnrýndi Halldór fyrir eignahagsmunapot og taldi meiri hættu stafa af rafmagninu heldur en gasinu. Sagði hann að fleiri gasstöðvar væru í nágrenni Berlínar en rafmagnsstöðvar. Gagnrýndi hann Halldór fyrir að gefa í skyn að rafmagn væri ódýrara en gasið, vegna þess að vatn væri í nágrenni við bæinn.⁵⁷

Tilboðin tvö sem bárust í byggingu gasstöðvarinnar komu bæði frá íslenskum og dönskum aðilum. Fyrri tilboðið áttu þeir Thor Jensen kaupmaður og Eggert Claessen ásamt ýmsum öðrum, en seinna tilboðið kom frá Thorvald Krabbe og fleirum. Lokaður fundur var haldinn um málið og báðir tilboðsaðilar vildu fá ókeypis lóð á Melunum undir stöðina. Bæði tilboðin fólu í sér að veita eins miklu gasi og rafmagni eins víða um bæinn og væri hægt. Báðir vildu að stöðin yrði reist sem fyrst, eða haustið 1908, og stöðin fengi 25 ára einkaleyfi til rekstursins. Ákveðið var að taka tilboði Thors Jensens og félaga hans og stöðin yrði reist á Melunum. Þetta sumar kom fulltrúi frá fyrirtækinu Carl Francke í Bremen til samninga um að koma upp gasstöð með sem bestum kjörum. En þá var samningurinn kominn í höfn svo samningar við hann féllu niður. Vegna þess að íslensku verktakarnir fengu ekki lánsfé í verkið vildu þeir framlengja samninginn til 1910. Það vildi raflýsinganefndin ekki veita og féll samningurinn við Thor Jensen og Eggert Claessen þá úr gildi. Þá kom hið þýska fyrirtæki Carl Francke aftur við sögu. Vildi fyrirtækið reisa hér gasstöð, en ekki koma

⁵⁷„Gasstöð líklegri“, bls. 289-290; „Gatnalýsing: gasljós eða rafmagn“; Thorvald Krabbe „Gas og rafmagn“, bls. 193-194; Jón Þorláksson, „Rafmagn og gas“, bls. 1-2; Erhard Schoepke „Gasstöðin í Reykjavík: svar við athugasemdum hr. H. Guðmundssonar í *Ísafold*“, *Lögrétta*, 26. maí 1909 bls. 106 og 2. júní 1909, bls. 111 – greinin birtist einnig í *Ísafold*, 29. maí 1909, bls. 125–126; Halldór Guðmundsson, „Nokkrar athugasemdir við gasbækling hr. Schoepke“, bls. 118

nálægt rafmagni fyrir en ítarlegar rannsóknir á Elliðaánum lögju fyrir. Í þessu tilboði fólst að reisa gasstöð fyrir ákveðið verð og sjá um götulýsingu og gasljós til íbúanna, sem væri hræódýrt. Fyrirtækið bauðst til að útvega lánsfé og sjá um rekstur stöðvarinnar til að byrja með. Fengi bærinn vexti árlega og ætlaði fyrirtækið að greiða af lánsfénu uns það væri að fullu greitt. Ef að rekstrarhalli yrði á stöðinni skyldi fyrirtækið borga hann, en ef gróði yrði skyldi bærinn fá megnið af honum.⁵⁸

Tilboðið var óneitanlega girnilegt og nú var nafni raflýsingarnefndarinnar breytt í gasnefnd. Nefndin sendi bæjarstjórn erindi um málið og sagðist hafa rannsakað rösklega 30 smábæi í Þýskalandi og þar sögðu allir að rafmagnið væri dýrara en gasið. Var tilboð um að setja upp gasstöð Francke samþykkt í desember 1908. Þegar til kastanna kom og búið var að fá lán frá Landsbankanum og borgarstjóri hugðist skrifa undir samninginn fyrir hönd bæjarstjórnar upphófust miklar deilur innan bæjarstjórnar. Hver höndin var upp á móti annarri, m.a. um hvar reisa skyldi gasstöðina og fá lóð undir hana. Varð mikill æsingur í bænum og menn skiptust í tvo hópa, annars vegar þá sem töldu heppilega að fá rafmagnsstöð og þá sem fylgdu gasstöðinni. Margar greinar voru skrifaðar um málið og talað var um að halda borgarafund um það eða kæra til stjórnarráðsins vegna aðgerða borgarstjóra og gasnefndarinnar. Blaðið *Ísafold* deildi harkalega á gasnefndina og bæjarstjórn vegna meints dáðleysis þeirra sem þar sátu og gefur í skyn að bæjarstjórn hafi ekkert gert með sérþekkingu eins þeirra fáu sem vildi fá rafmagnsstöð í bænum í stað gassins og á þar áreiðanlega við Halldór.⁴⁸ Hinir sem studdu gasstöðina héldu því fram að ef rafmagnsstöð risi hyrfi laxveiðin úr ánum, en hún gæfi af sér talsverðar tekjur. Ýmis önnur rök gegn rafstöðinni voru tínd til. Báru andstæðingarnir það fyrir sig að rafmagnið væri miklu dýrara og það væri engin þörf fyrir það á sumrin. Stöðin yrði aftur á móti að vera starfrækt allt árið en fengi engar tekjur mestan part ársins. Gasið væri miklu hentugra, bæði væri hægt að nota það til eldamennsku og það þryti aldrei og hægt væri að auka og draga úr framleiðslunni eftir þörfum. Rafmagnið væri að auki miklu kostnaðarsamara og væri ekki fyrir almenning, en þar virðist vitnað í Thorvald Krabbe. Páll Einarsson borgarstjóri sagðist hafa verið fylgjandi rafmagninu þangað til að verkfræðingar sem rannsakað hefðu Elliðaárnar

⁵⁸ Árni Óla, „Gasstöðin kveður“, bls. 507-512; Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 6. desember 1908; Thorvald Krabbe „Gas og rafmagn“, bls. 193-194; Halldór Guðmundsson, „Raflýsingarmálið“, bls. 89; „Gasstöðin í Reykjavík: svar við athugasemdum H.G.“, bls. 125-126; „Raflýsingarmálið“, bls. 298.

hefðu hætt að hugsa um að fá lýsingu þaðan. Olíustöðvarnar væru allt of dýrar og var hann greinilega á bandi gasnefndarinnar.⁵¹

Sagði Halldór í bréfi til bróður síns að hann hefði sent grein til *Ísafoldar* og ætlað að fá hana birta, þar sem hann varaði við gasinu, en varð of seinn og lét Björn Jónsson ritstjóri lét þá sérprenta 100 eintök af blaðinu til að útbýta meðal fundarmanna. Páll borgarstjóri kom í veg fyrir að þeim væri dreift með þeim rökum að hann hefði talið að hér væri um auglýsingu að ræða. Þá lýsti Halldór á nokkuð skondinn hátt því sem gerðist vorið 1909 og segist lítið hafa að gera annað en að rífast við þýskan fulltrúa félagsins Francke um rafmagns- og gasmálið í blöðunum, og á þar áreiðanlega við Erhard Schoepke. Þeir hittust „og rifust í 1 og hálfan tíma og jós hvor yfir annan úr sínum poka um ágæti gass og rafmagns“. Þann 17. júlí árið 1909 skrifaði borgarstjóri undir samning við fyrirtæki Francke og gasnefndin var fengin til að hafa umsjón með verkinu.⁵⁹ En hvernig gekk Halldóri að hafa í sig og á?

⁵⁹ Árni Óla „Gasstöðin kveður“, bls. 217-223; Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 29. maí 1909.

Árin 1906-1911

Halldór var hinn dæmigerði „aldamótamaður“ sem hafði gríðarlegan metnað fyrir hönd íslensku þjóðarinnar og vildi sýna það í verki með því að nútímavæða íslenskt samfélag.

Á vissan hátt synti hann á móti straumnum, því að honum hafði alltaf fundist að íslenskir verkfræðingar ynnu á móti sér, þar með talinn Jón Þorláksson. Jón hefur væntanlega verið að skara eld að sinni köku, þar sem hann rak eigið fyrirtæki, en þekking hans á rafmagninu virðist hafa verið takmörkuð. Halldór nefndi sem dæmi að þegar byggja skyldi Vífilsstaðahælið árið 1909 fékk Jón Þorláksson tilboð frá norsku fyrirtæki og ýjaði að því við Halldór hvort hann vildi vinna við uppsetningu vélanna með norskum manni á vegum félagsins, en sá norski myndi bera ábygd á verkinu. Þeir væru dýrari heldur en Halldór og tækju 75 aura á klukkustund og vildu fá 2 krónur í fæði á dag ásamt húsnæði. Nokkru síðar hitti Halldór Jón og vildi fá staðfest að hann fengi vinnu við rafmagnið. Þá fór Jón undan í flæmingi og þóttist ekki geta lofað neinu, því réði félagið. Jón þóttist hafa óskað eftir því við félagið, en Halldór treysti því ekki, en þó fór svo að Halldór fékk vinnu við raflagnir á Vífilsstaðahælinu.⁶⁰

Næstu árin vann Halldór að ýmsu varðandi raflagnir og raflýsti m.a. Kennaraskólann, Alþingishúsið og Kleppsspítalann.⁶¹ Bréfin frá 1906 til 1907 fjalla að miklu leyti um aðstoð hans við bróðurinn Eyjólf, sem hugðist flytja brott úr Mýrdalnum og vantaði jarðnæði. Halldór var á þönum að skoða jarðir sem hann taldi heppilegar til búsetu og nefndi nokkrar sem honum leyst vel á, m.a. Setberg í Hafnarfirði og jarðir í Kjósinni og Grímsnesinu. Þá var Eyjólfur nálægt því að kaupa jörðina Fífuhvamm í landi núverandi Kópavogskaupstaðar, en hvarf frá því ráði og keypti Hvol í Mýrdal af systur sinni Steinunni, en áður hafði hann haft Hvolinn á leigu. Þá stóð Halldór einnig í ýmsum erindisrekstri fyrir Péturseyjarmenn sem vildu verja ítök sín vegna upprekstrar þeirra í Stórhöfða, sem lengi hafði verið afréttarland þeirra. Hann leitaði að skjölum á Landsbókasafninu og fékk í lið með sér skjalavörðinn Jón Þorkelsson. Hitti hann einnig málaflutningsmenn til viðræðu um þau mál. Þá greiddi hann einnig ýmsa reikninga fyrir bróður sinn og gerði honum ýmiss konar greiða; t.d. útvegaði hann honum fisk þegar illa gekk að fá nýja soðningu í Mýrdalnum. Hann bað

⁶⁰ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólf Guðmundssonar, 6. desember 1908.

⁶¹ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólf Guðmundssonar 15. febrúar 1905-9. nóvember 1909/1906; Einkaskjalasafn. Kassar 1A-1D

bróður sinn að útvega bóndanum í Krýsuvík stúlku sem væri vön að reita fugl og ýmislegt annað í þeim dúr. Þá sá hann um að senda greinar eftir bróðurinn í blöðin og hann var beðinn að útvega altarisstöflu í Skeiðflatarkirkju í Mýrdal. Fjölludu bréfin á þessum árum að nokkru leyti um þessi samskipti þeirra bræðranna.⁶² Stundum var mikið atvinnuleysi og Halldór sagðist ekki geta kvænst ef hann hefði ekki atvinnu. Árið 1906 fékk hann þó vinnu við að raflýsa klæðaverksmiðjuna Reykjafoss í Ölfusi og smátt og smátt fara einstaklingar og fyriræki að leita til hans varðandi raflýsingar.⁶³ Þá fékk hann og tímakennslu í fagteikningu við Iðnskólann tvisvar í viku. Sagði hann í bréfi að nemendurnir hefðu afsagt Jón Þorláksson, sem var formaður stjórnar skólans og hafði kenndi þeim járnsmíðateikningu. Vildu þeir fá Halldór í staðinn. Jón var þó ekki af baki dottinn og vísaði á annan mann til að sinna teiknikennslunni, en sá vísaði aftur á Halldór. Taldi Halldór að Jóni væri hálfpartinn illa við sig út af raflýsingarmálinu, sem honum þótti þó ótrúlegt.⁶⁴

Halldór kvæntist unnustu sinni, Guðfinnu Gísladóttur frá Vestmannaeyjum, haustið 1905. Til er skondið bréf frá Halldóri frá því júní 1908 þar sem hann sendir Eyjólfu mynd af þeim hjónum og Halldór segir svo: „Ég gat ekki annað en skellihlegið þegar ég las hvernig þér leist á myndina af okkur, og ekki hittirðu á kollgátuna að ég hefði verið að stríða konunni minni þá og gefur hún mér fúslega vottorð ef á þarf að halda“. Gefur Guðfinna honum vottorðið í eftirskrift.⁶⁵ Þá segja blöðin frá því að sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum hafi verið orðinn leiður á hvernig breskir togarar óðu inn í íslenska landhelgi. Segir Halldór frá því í bréfi árið 1906, en þegar hann var staddur í Vestmannaeyjum, því að sýslumaður hygðist til skarar skríða og taka breska togra, sem óðu uppi í íslenskri landhelgi. Fékk sýslumaður Halldór með sér ef þeir handsömuðu togarann og átti hann að stýra togaranum til hafnar, því hann væri sá eini, sem kunní á bátsvél togarans. Ekki náðu þeir að taka togarann og sigldi hann burt áður en til átaka kom á milli Vestmannaeyinga og áhafnar hans.⁶⁶

Bréf Halldórs fjalla líka um atvinnuástandið, og hann lýsti aflbrögðum fiskiskipa og atvinnuleysi í bænum og dýrtíðinni. Bað hann bróður sinn að senda sér smjör ef hann gæti látið það af hendi, og eins seldi hann sauði fyrir Eyjólf. Þá bað Eyjólfur Halldór um að útvega sér eitthvað í afmælisgjöf handa Gunnari Ólafssyni,

⁶² Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólf Guðmundssonar, 1906 til 6. desember 1908.

⁶³ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólf Guðmundssonar, 1905-1906.

⁶⁴ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólf Guðmundssonar, 6. desember 1908.

⁶⁵ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólf Guðmundssonar, 9. júní 1908.

⁶⁶ „Botnvörpuyfirgangur“, bls. 281.

faktor í Vík í Mýrdal. Veltu hann og Guðfinna fyrir sér að fara og skoða málverk eftir Ásgrím Jónsson, en hafa til vara að ef þeim litist ekki á það, þá kæmi bókaskapur eða útskorið skrifborð til greina.⁶⁷

Halldór vann við raflýsingu á Ísafirði árið 1909 og síðan fór hann á Eskifjörð, en það var árið 1911. Hinn 21. júní það sumar skrifaði hann bróður sínum og sagðist vera búinn að láta grafa fyrir vatnspípunni sem leiði vatnið í vatnshjólíð, en hann vanti efni og hann er auk þess búinn að láta steypa vélahús fyrir virkjunina. Þá sagðist hann hafa lent í miklu stappi við að útvega vír hjá Landssímanum áður en hann fór austur og hafði verksmiðjan, sem var þýsk en staðsett í Kaupmannahöfn, ætlað að brjóta samninga sem gerðir höfðu verið og vildu hækka verðið til muna. En Halldóri tókst að fá verksmiðjuna í Þýskalandi að selja vírinn á umsömdu verði og deildin í Kaupmannahöfn var svipt umboði sínu.⁶⁸ Hann sagðist víða hafa komið í hús og hitt ýmsa fornkunningja bæði sína og Eyjólfss og var almennt hæstánægður með ferðalagið á Eskifjörð.

Í desembermánuði 1911 var hann kominn heim og sagðist víða hafa raflýst. Var hann þá á leiðinni til Viðeyjar að laga rafmagnið þar.⁶⁹ Hann var ekki sáttur við að áðurnefndur Jóhannes Reykdal, trésmiður og verksmiðjueigandi, var kallaður til skrafs og ráðagerða þegar Ísfirðingar og Patreksfirðingar fóru að huga að raflýsingu. Halldór benti á að Jóhannes væri ekki lærður raffræðingur og það eina, sem hann kynni fyrir sér varðandi raflagnir væri það sem hann hafi séð hjá sér.⁷⁰

⁶⁷ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 31. janúar 1909.

⁶⁸ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 21. júní 1911.

⁶⁹ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 19.ágúst og 11. desember 1911.

⁷⁰ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 15. apríl 1908.

Árin 1912-1923

Það var misjafnt á þessum árum hvernig Halldóri gekk að fá vinnu við raflagnir. Í febrúarbyrjun árið 1910 sagðist hann hafa litla vinnu, og hann væri líka í erfiðleikum með efni sem hann hafði pantað fyrir rafstöðvarnar í Hafnarfirði. Hann kvaðst hafa pantað efnið fyrr en um veturinn, en það skilaði sér ekki og varð hann því að síma eftir nýju efni. Þá stóð hann í stappi við Hafnfirðinga um að þeir borguðu nýkomna efnið og verksmiðjan vildi ekki fá það endursent sagði Halldór.

Í greinum í tímaritinu *Dynskógar*, héraðsriti Vestur-Skaftfellinga, rekur Ólafur H. Óskarsson sögu rafmagstöðvarinnar í Vík í Mýrdal. Halldór hafði bent Víkurbúum á að Víkurá væri kjörin til virkjunar og bauðst til að koma rafstöðinni upp og útvega allt efni til hennar. Undirritaði Halldór Jónsson, hreppstjóri, kaupmaður og umboðsmaður í Suður-Vík, saminginn fyrir hönd Víkurbúa. Hafði hreppnefndin tryggt sér þátttöku flestra húseigenda í Vík áður en samningurinn var undirritaður. Átti stöðin að vera 12 hestöfl og samkvæmt samningnum átti Halldór að fá 75 aura á tímum, auk fæðis og húsnæðis. Menn skrifuðu sig niður á lista hvað þeir vildu fá mikið ljósmagn og veðsettu hús sín fyrir láni sem hreppurinn tók og kostaði stöðin fullbúin um 10.000 krónur. Var byrjað á að hlaða vegg úr grjóti og mold og áin stífluð og tréstokkar búnir til til að leiða vatnið til stöðvarhússins. Gekk verkið fljótt og vel en það hófst vorið 1913 og var stöðin komin í gagnið fyrir jól. Vitað er að breski togarinn Lord Carrington strandaði við Kerlingardalsá rétt austan Víkur rétt fyrir jól það árið og við sjópróf hafði skipstjórinn sagt að hann hefði haldið að ljósin í Vík væru ljósin í Vestmannaeyjum og villst upp í sandinn. Fyrsti rafstöðvarstjórinn í Víkinni var Eiríkur Ormsson.⁷¹

Halldór var á nálum á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar því að hann óttaðist að skurðirnir, sem búið var að grafa fyrir vatnspípurar á Bíldudal, myndu falla saman, því erfiðlega gekk að fá vélar og annan útbúnað sem þurfti til raflýsingar vegna aðflutningsbanns Englendinga. Á Bíldudal brotnaði stórt og mikið stykki í túrbínu? og þurfti að senda til viðgerðar í Þýskalandi og allt tafði þetta fyrir lokum verksins. Vélnarar, sem búið var að panta og að nokkru leyti að borga, voru kyrrsettar eða fengjust ekki fluttar til landsins og því seinkaði verkinu hjá honum.

⁷¹ Gísli Brynjólfsson, „Samningur um 16 kertaljós“, bls. 1-2 og Ólafur H. Óskarsson, „Rafmagnsstöðin í Vík“, bls. 175-186 og 210-216; Ólafur H. Óskarsson, „Rætt við fyrsta rafveitustjóran við rafmagnsstöðina í Vík“, bls. 217-220.

Á árunum 1911-1923 kom Halldór nálægt byggingu rafveitna í samtals 19 bæjarfélögum um allt land, auk þess sem hann kom að virkjunum hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Sumsstaðar var hann feginn til að kanna aðstæður til rafvirkjunar eins og á Sauðárkróki og Borgarfirði, en þar þótti of kostnaðarsamt að virkja, þar sem fjarlægð frá mögulegum virkjunarstöðum var of mikil.

Halldór skildi eftir sig allskonar gögn varðandi raflýsingar, svo sem tilboð um raflýsingar, áætlun um kostnað við verk, o.s.frv.⁷² . Hann rak auk þess rafmagnsfyrirtæki frá því að hann fór að starfa sem raffræðingur, sem seldi rafvörur á ýmsum stöðum á Reykjavíkursvæðinu, og var ráðgefandi um ýmislegt varðandi rafvélar og rafmagnstæki. Hann var með allt að 40 manns í vinnu. Ná auglýsingar hans til aftur til ársins 1908 þar sem Halldór auglýsti þjónustu sína og stóðu þessar auglýsingar alveg fram til ársins 1923.⁷³

Þá var hann kominn með menn í vinnu sem lærðu hjá honum og unnu með honum, m.a. sem fulltrúar hans á virkjunarstöðunum þegar hann var fjarverandi. Með honum störfuðu t.a.m. á Patreksfirði og Bíldudal bræðurnir Eiríkur og Jón Ormssynir, sem síðar stofnuðu sitt eigið raffyrirtæki, sem enn er við lýði undir nafninu Bræðurnir Ormsson.⁷⁴ Eiríkur skrifaði Halldóri nokkur bréf frá Bíldudal, sem eru varðveitt, sumarið og haustið 1916. Þar segir hann Halldóri frá framvindu verksins. Var Eiríkur ekki ánægður með hvernig verkið gekk, m.a. vegna þess að hann sagðist ekki fá „nema lítið uppgefna karla, sem ekki sé hægt að stjórna“.⁷⁵ Í sama bréfi lýsti hann því erfitt væri að grafa skurði fram Bíldudalinn fyrir vatnspípunar því að svo mikil móbella væri undir sverðinum. Þó væri búið að grafa fram að rafstöðinni. Hann vildi fá fyrirmæli frá Halldóri um verkið og bað hann um að senda sér þau. Þá bað hann Halldór um efni, rör með hnébeygjum og fleira, sem hann Halldór átti að senda sér vestur. Jón Ormsson var á Patreksfirði og hann skrifaði Halldóri einnig og skýrði honum frá því hvernig þeir hafi gengið frá vélum, dýnamíti o. fl.⁷⁶ Lækninum á Bíldudal, Sigurði Magnússyni, þóttu Ormsbræður dýrt seldir og taldi að Jón Ormsson hefði getað verið

⁷² Einkaskjalasafn. Kassar 1A-1D.

⁷³ Gísli Halldórsson, „Halldór Guðmundsson raffræðingur“, bls. 298.

⁷⁴ Einkaskjalasafn. Kassar 1A-1D, Bréf til Halldórs Guðmundssonar. Eiríkur Ormsson, 31.október 1917; „Halldór Guðmundsson rafmagnsfræðingur Vesturgötu 25“, *Ísafold* 25. júlí 1908 og *Iðunn* 1. júlí 1923.

⁷⁵ Gísli Halldórsson „Halldór Guðmundsson, raffræðingur“, bls. 298.

⁷⁶ Einkaskjalasafn. Kassar 1A-1D, Bréf til Halldórs Guðmundssonar. Eiríkur Ormsson 31.október 1917

⁷⁶ Einkaskjalasafn. Kassar 1A-1D, Sama bréf 31. október 1917; Einkaskjalasafn. Kassar 1A-1D, Bréf til Halldórs Guðmundssonar. Jón Ormsson 30. september 1917.

búinn að raflýsa húsin fyrr, en Jón lauk verkinu seint í júnílok 1917 og eru bréfaskipti milli þeirra Halldórs, sem fjalla um verklokin.

Vestmannaeyjar voru einn af þeim stöðum, sem Halldór setti upp rafmagn. Í júlímánuði árið 1913 samþykkti Karl Einarsson, sýslumaður í Vestmannaeyjum, fyrir hönd bæjarins tilboð Halldórs um kostnað við byggingu og rekstur raflýsingarstöðvar. Átti stöðin að kosta rúmar 47.000 krónur og stóðst það nokkurn veginn. Í desembermánuði sama ár sendi sýslumaður Halldóri áætlun um kostnað við rekstur rafmagnsstöðvar í Vestmannaeyjum, en Jón Þorláksson gerði teikningu fyrir Eyjamenn. Auk þess sendi sýslumaður Halldóri upplýsingar um vegalengdir á staðnum, sem Sigurður Thoroddsen verkfræðingur vann. Þá fékk Halldór upplýsingar um vélar sem notaðar voru í frystihúsinu og hvernig þær unnu að frystingu aflans. Líklega er sá sem skrifaði Halldóri um þetta, Högni Sigurðsson, Vatnsdal í Vestmannaeyjum, hann sá um vélar frystihússins og sagði hann Halldóri að sá, sem sæi um frystivélarnar sæi einning um ljósavélarnar og að ekki þyrfti að líta eftir gasvélunum. Flest frystihús væru sjálfum sér nóg um ljós. Líklega hefur landsímastjórinn O. Thorberg skrifað Halldóri varðandi ýmsar tæknilegar upplýsingar og ráðgjöf varðandi tryggingarmál útaf rafstöðinni. Vildi landsímastjóri að raflínur yrðu ekki lagðar nálægt símalínunum til að koma í veg fyrir slyshættu og sagði til um hvernig ætti að leggja ætti raflínurnar. Útskýrði Halldór þessi mál fyrir landsímastjóra og tjáði bróður sínum að þessi mál væru sprottin af pólitík og líklega ættuð frá Jóni Þorlákssyni og öðrum verkfræðingum vegna rafleiðslumála í Eyjum m.a. við rafleiðslustjórann þar.⁷⁷

Bréfin frá Vestmannaeyjum eru svipuð að inntaki og bréfin frá Bíldudal og Patreksfirði, en þau snúast mest um ýmiskonar útréttingar og stapp viðvíkjandi öflun efnis til verksins. Var einn af lærlingum Halldórs umsjónarmaður verksins í fjarveru hans.

Þá sendi Halldór sýslunefndinni upplýsingar um verð á ýmsum tegundum mótorá og efni til raflýsingar. Þegar kveikt var á ljósum í Landakirkju þá hafi presturinn líkt þeim við dýrð Guðs í himnaríki. Þetta var díselrafstöð, þar sem Halldór sendi sýslumanni Vestmannaeyinga ýmis tilboð um verð á diselshreyflum.⁷⁸

Fyrri heimsstyrjöldin var skollin á við uppsetningu rafstöðvarinnar í Vestmannaeyjum og erfitt var að fá efni til verksins og vegna útflutningsbanns Breta

⁷⁷ Gísli Halldórsson, „Halldór Guðmundsson, raffræðingur“, bls. 298; „Raflýsing Vestmannaeyja“, bls. 1

⁷⁸ Einkaskjalasafn. 1A-1D.

á vörum frá Þýskalandi fengust vélarnar ekki. Því sigldi Halldór til Danmerkur og síðar Þýskalands til að útvega efni til verksins. Hann lýsti ferðalaginu út í æsar og sagðist hafa verið sjö vikur á ferð. Hann sagðist hafa komið mjög nálægt vígstöðvunum og skoðað þar hersjúkrahús, m.a. með það í huga að sjá hvernig þau væru lýst upp. Sagðist Halldór hafa farið frá Berlín eftir að hafa verið þar í tvær nætur og til Frankfurt am Main með járnbraut, en hermenn vörðu járnbrautarlínuna gráir fyrir járnum. Þaðan ferðaðist hann til annarrar borgar í Þýskalandi til að útvega sér efni. Sagðist hann hafa fengið hinar bestu viðtökur og ferðin hafi gengið vel. Ferðin til baka með skipi hafi verið nokkuð torsótt, því að allsstaðar var ljóslost vegna átakanna. Í Leith varð skipið að liggja í höfn í fimm daga og enginn fékk að fara frá borði nema skipstjórinn. Þegar til Íslands kom varð Halldór að váttryggja stærstu vélarnar í Hafnarfirði og skilja þær þar eftir því að þær voru svo þungar. Í febrúar árið 1915 voru vélarnar komnar til Eyja og þá sagðist hann vera hræddur um að verkinu lyki ekki fyrr en um vorið. Lýsti því hvernig gekk að koma vélum á land í Eyjum í bylþræsingi og vondum sjó. Varð hann að fá tvo menn á bátum til að ná í það sem eftir var af vélunum og ýmsu dóti og segist hafa slasast við það að hjól, sem losnaði af einni vélinni, fór yfir fót hans og varð hann að liggja í rúminu í einn dag.⁷⁹

Veturinn 1913–1914 raflýsti hann og setti upp röntgentæki við læknaeild Háskólans, en þau, og eins og þar stendur, gátu „tekið ljósmyndir af beinagrind og fleiri líffærum í lifandi mönnum“.⁸⁰ Þá sagðist hann einnig í desembermánuði árið 1913 „hafa farið í mótorvagni, sem kom nýskeyð frá Ameríku suður í Hafnafjörð til að útbúa pöntun á vélum o.fl. til myndasýninga í Hafnarfirði“.⁸¹ Þá sagði hann frá því hvað Hafnfirðingar væru nú ánægðir yfir myndun hlutafélags til að vinna að áburð úr hrauninu í Hafnarfirði og mikla atvinnu verði þar að hafa.⁸²

Samgönguleysi var mikið vandamál á þessum árum og lýsti Halldór því nokkuð í bréfi til bróður síns skömmu fyrir jól árið 1917. Hann hafði verið samferða Eiríki Ormssyni með mótorbát frá Bíldudal til Reykjavíkur snemma í desember og voru þeir í fjóra sólarhringa á leiðinni. Voru 26 manns á bátnum. Hafði hann aldrei lent í öðru eins ferðalagi – báturinn var varla sjóhæfur, kompásinn í ólagi og hraðamælirinn enginn. Flauta var ekki til á bátnum, ekkert sjókort eða neitt sjóalmanak og báturinn

⁷⁹ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 7. ágúst 1914–12. nóvember 1915.

⁸⁰ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 22. mars 1914 og Skrá yfir staði sem Halldór setti upp raflýsingar á árabílinu 1909–1923.

⁸¹ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 16. desember 1913.

⁸² Sama bréf.

varð olíulaus á miðri leið. Varð hann að liggja kyrr í rúmlega hálfan sólarhring og varð dallurinn þá ljóslaus og lá við að kviknaði vélinni. Loks komust þeir inn til Ólafsvíkur og þar var vart lendandi fyrir brimi. Ótíðin væri alveg skelfileg sagði hann í bréfi eftir áramótin og gestir sem ætluðu að koma til þeirra um þrettándann komust ekki í boðið vegna roks og ófærðar.⁸³

Auk vinnu fyrir bæjarfélög raflýsti Halldór einnig hjá ýmsum einstaklingum. Dæmi um það var Helgi Þórarinnsson, bóndi í Þykkvabæ í Landbroti, en Halldór vann fyrir hann samhliða vinnunni við rafstöðina í Vík. Í bréfi til bróður síns segir hann frá því að í dönsku blaði hafi verið talið upp allt sem hafi verið raflýst á Íslandi og þar segir „að mikið mjólki nú kýrnar hans Helga betur núna, en á meðan þær stóðu í kolniðamyrkri“. Margar fleiri ferðir fór Halldór til að útvega efni til raflýsinga.⁸⁴ Því má segja að Halldór hafi komið miklu í verk á þessum árum og fyrir hans tilstilli fengu margir staðir ljós og gengu þar með inn í nútímann.

⁸³ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 7. janúar 1918.

⁸⁴ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 8. apríl 1914.

Þjóðernissinninn Halldór Guðmundsson

Halldór drakk ungur í sig skoðanir Guðmundar föður síns í sjálfstæðismálum Íslendinga og vildi hann því styrkja stoðir íslensks samfélags. Í bréfum hans á námsárunum í Kaupmannahöfn og Berlín má glögglega sjá að hann vildi ekki koma heim til Íslands aftur fyrr en hann gæti unnið landinu sínu eitthvert gagn. Sjást þessar skoðanir hans vel á lýsingum hans í bréfi til bróður síns á atviki því er ungur íslenskur maður, Einar Pétursson, sigldi sér til skemmtunar í Reykjavíkurhöfn með bláhvíta fánann dreginn að húni. Sagðist Halldór aldrei hafa þekkt annan eins gauragang eins og útaf þessu atviki. Fannst honum í alla staði rétt að sýna danskinum að við virtum okkar þjóðerni mikils. Foringi á varðskipinu Islands Falk þekkti veifuna og lét gera hana upptæka.⁸⁵ Þá reis upp mikil mótmælaalda í höfuðstaðnum og skornir voru niður danskir fánar í bænum en sá bláhvíti látinn blakta í staðinn. Halldór lýsti óróanum í bænum í bréfi til bróður síns og segir að borgarafundur hafi verið haldinn sama kvöldið og fóru menn um bæinn og blésu í lúðra til að mótmæla athæfi danska skipstjórans. Þetta þótti Halldóri með miklum ágætum og mikið framfaraspor að sjá stækustu heimastjórnarmenn eltast við íslenska fánann út um allan bæinn og þótti þetta mátulegt á þá. Í kjölfarið blossaði upp í brjósti hans áköf þjóðerniskennd.⁸⁶ Þessi þjóðernishyggja Halldórs kom einnig fram þegar hann heimsótti hersjúkrahús í ferðinni til Þýskalands á árum fyrra stríðs, eins og minnst var á áður, en þar sá hann marga særða og slasaða hermenn, en einnig aðra sem voru búnir að ná sér að fullu og ætluðu aftur á vígvellina. Honum fannst mikið til koma hvað þeir voru allir ánægðir yfir að geta barist fyrir þjóð sína og gert henni gagn og vilji fúslega láta lífið fyrir hana. Ósk hans er sú að Ísland ætti marga slíka menn, sem væru fúsir til að vinna sínu landi annað eins gagn og fórna lífinu fyrir það.⁸⁷

Halldór var líka rómantískur og þótti t.d. ákaflega fallett upp á Fljótsdalshéraði. Þar hreifst hann sérstaklega af öllum gróðrinum og segir frá því þegar hann kemur úr ferðum erlendis frá þá hefði hann staðið uppi á þilfari og séð mýrdælsku fjöllin rísa úr sæ.⁸⁸ Hin sterka þjóðernistilfinning hans kom berlega fram er hann lýsti

⁸⁵ Eyjólfur Guðmundsson, *Pabbi og mamma*, bls. 53.

⁸⁶ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólf Guðmundssonar, 17. júní 1913; Guðjón Friðriksson, *Ég elska þig stormur*, bls. 596-597; Jón Guðnason, *Skúli Thoroddsen* 2. bd., bls. 418-427, 429-436; Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Jón Þorláksson forsætisráðherra*, bls. 113-117 og 128-132.

⁸⁷ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólf Guðmundssonar, 21. desember 1914.

⁸⁸ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólf Guðmundssonar, 19. ágúst 1911 og 5. september 1916.

Því yfir að hann geti ekki tengst neinum þingflokki, nema þeim sem hefði algjöran alskilnað við Dani á stefnuskrá sinni. Sá flokkur var ekki starfandi þegar hann skrifaði þau orð árin 1915 og 1916.⁸⁹ En hverjar voru stjórnmalaskoðanir Halldórs?

⁸⁹ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 14. júní 1915 og 18. apríl 1916.

Stjórn­málaskoðanir Halldórs

Stjórn­málaskoðanir Halldórs voru nátengdar þjóðernishyggju hans. Þegar Halldór kom til Íslands vorið 1904 hafði landið fengið heimastjórn, komið hafði verið á þingræði og framkvæmdavaldið hafði flust inn í landið. Hinn 1. febrúar þetta ár tók fyrsti íslenski ráðherrann, Hannes Hafstein, til starfa. Þó að Halldór hafi aldrei tengst neinum stjórn­málaflokki var hann aldrei í neinum vafa um hvar hann stóð í pólitíkinni. Hann studdi gamla Sjálfstæðisflokkinn, sem vildi ganga lengra en Heimastjórnarflokkurinn í samskiptum við Dani. Í fyrstu var Sjálfstæðisflokkurinn varkár í umræðum að slíta sambandinu við Dani, en sú barátta harðnaði þegar leið að fyrri heimsstyrjöld. Sýndu deilur Halldórs við Jón Þorláksson og Knud Zimesen, sem voru Heimastjórnarmenn, ljóslega hvar hann stóð í pólitíkinni. Pólitíkin var gríðarlega hatrömm á þessum árum og miklir flokkadrættir. Þetta hafði bein áhrif á það hvernig menn litu á tæknileg efni – heimastjórnarmenn voru alltaf á öndverðum meiði við sjálfstæðismenn. Heimastjórnarmenn vildu fá gas, sjálfstæðismenn rafmagn; heimastjórnarmenn vildu ritsíma, sjálfstæðismenn loftskeyti, svo að dæmi séu tekin.

Í bréfum Halldórs kom fram hvað honum fannst Alþingi oft standa sig illa. Þótti honum lítils um vert að gera samning um ritsíma og vildi heldur bæta skipasamgöngur. Hann var ekki hliðhollur Hannesi Hafstein, því að honum þótti Hannes alltof vinveittur Dönnum og undirgefinn þeim. Ríkisráðsákvæðið, sem gekk út að það að bera skyldi upp íslensk sérmál í ríkisráði Dana, var mikið bitbein en Einar Benediktsson fór í fylkingarbrjosti þeirra sem börðust gegn því. Ollu þessar deilur miklum væringum í garð Hannesar Hafstein, því að hann talaði ekki gegn ákvæðinu. Fannst Halldóri ákvæðið slæmt og sagði hann bróður sínum að það væri mikil ólga í bænum vegna þessara mála. Var hann einn þeirra sem vildi skera á öll bönd sem tengdu Ísland við Danaveldi. Þetta voru miklir umbrotatímar í sögu þjóðarinnar og hörðustu stjórn­málamennirnir kröfðust fullveldis Íslendinga. Uppkastið svokallaða frá 1907, sem var frumvarp að nýjum lögum um samband Íslands og Damerkur, var Halldóri eins og öðrum Sjálfstæðismönnum þyrnir í augum. Andstæðingar Uppkastsins náðu meirihluta á þingi í kosningum árið 1908 og var það því ekki samþykkt á Alþingi. Lýsti Halldór fundi sem haldinn var í Bárubúð í maílok 1908 í aðdraganda Alþingiskosninga. Nefnd hafði verið skipuð sem kallaðist millilandanefnd og hafði henni verið boðið á fund Danakonungs veturinn 1908. Við heimkomuna hugðist ráðherra ræða frumvarpið við kjósendur. Stóðu margir úti og lagði Björn Jónsson

ritstjóri *Ísafoldar* til að fundurinn yrði haldinn utandyra. Fékk hann því ekki framgengt og yfirgaf þá Björn fundinn með 30-40 manns, sem allir voru á móti uppkastinu. Ráðherrann las upp gerðir nefndarinnar og vildi fá menn til að tjá sig um þær, en án árangurs. Þá stakk Þorleifur H. Bjarnason, kennari við Menntaskólann í Reykjavík, upp á því að fundarmenn lýstu yfir fylgi við nefndina. Margir greiddu ekki atkvæði, því að engin skýring hefði fengist við ýmsum ákvæðum frumvarpsins. Var mikill æsingur í mönnum. Annar fundur var svo haldinn í júníbyrjun í barnaskólaportinu í Reykjavík, Þar talaði Björn Jónsson, ritstjóri alveg æsingalaust, að sögn Halldórs, og taldi hann best að menn æstu sig ekki fyrir en þeir væru búnir að átta sig á hvort um raunverulegt valdaafsal á réttindum Íslands væri að ræða. Varð uppkastið að lokum Hannesi Hafstein að falli.⁹⁰

Halldór lýsti nokkrum samtímaatburðum í bréfum til bróður síns, t.d. afskiptum Björns Jónssonar ráðherra af bankamálinu svonefnda þar sem Björn vék Tryggva Gunnarssyni bankastjóra og bankastjórninni frá völdum. Við það urðu heimastjórnamenn æfir og töldu að Björn misbeitti valdi sínu. Haldinn var fundur um þetta mál við ráðherrabúðstaðinn við Tjörnina, heimili Björns, og urðu miklir flokkadrættir manna á milli af þessum sökum og Björn varð afhrópaður. Taldi Halldór rétt að stíga varlega í þessum málum og studdi Björn á meðan ekkert misjafnt sannaðist á hann.⁹¹

Þingmálafundir voru haldnir víða um land á þessum árum og sagðist Halldór hafa farið á slíka fundi í Bárubúð árið 1911, sem þeir Jón Þorkelsson, fornfræðingur og landsskjalavörður, og Magnús Blöndal, kaupmaður og ritstjóri, stóðu fyrir. Hafi þessir fundir staðið í fjóra daga. Var mönnum skipt niður á fundina í stafrófsröð eftir hverfum og lenti Halldór í þeim hópi, sem báru nöfnin G-H. Hafði sá fundur sem Halldór sótti verið sá öflugasti, og vildu fundarmenn aukið sjálfstæði og stóðu þar með uppi í hárinu á heimastjórnamönnum. Höfðu sjálfstæðismenn ekki gætt sín nógu vel og var mikið rifist á þessum fundum og stóðu þeir til klukkan 3 um nóttina. Var fundurinn mjög fjölmennur, en um 400 manns sóttu hann og meiri mannfjöldi tók Bárubúð ekki. Halldór sagði að það hefði mikið gengið á og Hannes Hafstein hafi orðið svo æstur að Halldór hélt að hann ætlaði að lumbra á Jóni Þorkelssyni. Sagði Halldór að Gísli Sveinsson, þingmaður Vestur-Skaftfellinga, hafi staðið sig ágætlega og potað hressilega í Hannes Hafstein. Sagði Halldór að fundurinn hafi samþykkt að Íslendingar

⁹⁰ Jón Guðnason, *Skúli Thoroddsen*, 2. bd., bls. 418-421; Guðjón Friðriksson, *Ég elska þig stormur*, bls. 503-551.

⁹¹ Jón Guðnason, *Skúli Thoroddsen*, 2. bd., bls. 491-498; Guðjón Friðriksson, *Ég elska þig stormur*, bls. 513-534.

krefðust eigin siglingafána og hann yrði viðurkenndur sem siglingafáni Íslands og einnig var krafist sambandslita við Dani.⁹²

Næstu árin á meðan að fullveldisbaráttan stóð sem hæst komu ráðherrar og fóru eins og á færibaldi. Halldór hreifst af Birni Jónssyni ritstjóra, sem var sjálfstæðismaður og þótti hann skörulegur. Hann hreifst einnig af Lárusi H. Bjarnasyni, sem sat á þingi sem þingmaður Heimastjórnarflokksins, þrátt fyrir að Halldóri myndist fátt um þann flokk sem hann kallaði gömlu heimastjórnarklíkuna. Gömlu stjórnsmálaflokkarnir klofnuðu og nýir mynduðust á grunni þeirra. Halldór óskaði þess að það yrði myndaður stjórnsmálaflokkur sem setti algjöran skilnað við Dani á oddinum. Slíkur flokkur skyldi sýna þeim í tvo heimana og ekki taka þegjandi við öllu sem að honum væri rétt. Spurði hann því hvort hugleysi réði för hjá íslenskum stjórnsmálamönnum. Skoðanir hans voru í takt við gamla Sjálfstæðisflokkinn, og þá einkum Skúla Thoroddsen, sem vildi ganga mun harðar að Dönnum en meirihlutinn. Hann sagði að heiður og framtíðagæfa landsins væri í veði og ásakaði landa sína um dug- og dáðleysi í sjálfsstæðismálinu. Halldór var orðinn leiður á öllum þessum sambræðingi, sem hann kallar ýmist Uppkastið eða Grútinn.⁹³

Í einu bréfanna sagðist hann hafa lesið í blaði að Eyjólfur bróðir hans væri búinn að bjóða sig fram til þings með þversummönnum, sem voru andstæðingar Einars Arnórssonar prófessors innan Sjálfstæðisflokksins, sem hafði verið skipaður ráðherra árið 1915, en kom heim af konungsfundi með það ákvæði í stjórnarskrá að íslensk mál skyldu áfram vera borin upp í ríkisráði Dana. Þversummenn voru andstæðingar þessa ákvæðis. För svo að lokum að Eyjólfur náði ekki kjöri, því að Lárus Helgason á Kirkjubæjarklaustri, frambjóðandi Bændaflokksins varð fyrir valinu. Halldóri þótti gott að bróðirinn komst ekki á þing, því að hann sagði ekkert gagn vera af þinginu, en taldi að sláturhúsmenn hafi orðið fegnir að fá Lárus. Þá sagðist hann hafa farið á þingpalla og hafa hlustað á Lárus á Klaustri tala um stofnun löggildingarstofu, og að honum hafi ekki þótt Lárusi mælast vel. Fannst Halldóri hann stirður og lesa upp af einhverjum smáblöðum og rugluðust blöðin hjá honum, svo hann þurfti sífellt að vera

⁹² Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólf Guðmundssonar, 23. ágúst 1905 og 29. janúar 1911; Guðjón Friðriksson, *Ég elska þig stormur*, bls. 502-527, 579-594; 607-612, 623, 625, 627-629 633-634; Jón Guðnason, *Skúli Thoroddsen*, 2. bd., bls. 389-436, 443-460, 478-530 Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Jón Þorláksson forsætisráðherra*, bls. 216-217.

⁹³ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólf Guðmundssonar, 5. maí 1915; Guðjón Friðriksson, *Ég elska þig stormur*, bls. 598, Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Jón Þorláksson forsætisráðherra*, bls. 216-217.

að fletta fram og aftur í blöðunum.⁹⁴ Halldór sagðist einnig vera leiður á þessu eilífa karpi þingsins og hann vildi því að menn slitu einfaldlega öll bönd við Dani og semdu við þá þannig að engin réttindi Íslands skertust eða eitthvert valdaafsal ætti sér stað. Hann lýsti þeirri skoðun sinni að íslenska þjóðin fengi aldrei frið á meðan þetta sambandsmakk væri á ferðinni, og því vildi hann losna úr sambandinu við Dani svo þjóðin flyti ekki sofandi að feigðarósi. Hann sagðist skipa sér í flokk þar sem einhverra framfara væri að vænta og vera orðinn mjög kinsaður á þessum stjórn málaglömrurum og taldi það slæma ættarfylgju íslensku þjóðarinnar og bæri vott um grunnhyggni hennar að skilja ekki eða nenna ekki að skilja hvað fulltrúar þjóðarinnar væru samviskurýrir.⁹⁵

Þá lýsti hann hneykslun sinni á samningi sem gerður var við Sameinaða danska gufuskipafélagið árið 1912 um skipaferðir og sagði að það væri mikil óánægja í bænnum með hann. Taldi hann að landið myndi tapa 1–1½ milljón króna á þessum samningi Hannesar Hafstein ráðherra og var viss um að menn hefðu fengið nóg af yfirgangi og stjórnsemi hans.

Í einu bréfinu til Eyjólfss sagði Halldór einnig að það hlyti að vera tómlegt að hafa ekki Sveinbjörn Högnason, uppeldisson Eyjólfss, á heimilinu, en Sveinbjörn stundaði þá nám við Menntaskólann í Reykjavík. Var hann í fæði og húsnæði hjá þeim Guðfinnu á meðan hann stundaði nám í Reykjavík. Lærði Sveinbjörn síðan guðfræði við Háskólann í Kaupmannahöfn og varð prestur á Breiðabólstað í Fljótshlíð og alþingsmaður. Hafði Halldór fengið hann sér til liðsinnis í Kaupmannahöfn þegar hann var á ferðalaginu til Danmerkur og Þýskalands að útvega efni til raflýsingar í Vestmannaeyjum og sagði að það vera mjög hressandi að stæla við við svo unga og hressa menn, sem hefðu skoðanir á hlutunum.⁹⁶ Þá var hann einnig gáttaður á ýmsu háttalagi stjórnvalda og þótti þingið sífellt þvæla fram og tilbaka. Hann hreifst ekki af úrslitum kosninganna árið 1919, þar sem margir gamlir þingmenn féllu og nýgræðingar komust inn í staðinn, og sagði að verst væri að þeir væru „alltof margir árans spekulantar eða braskarar“. Þó taldi hann mikilsvert að yngja upp á þinginu. En hvernig leist honum á ýmsa samtímaatburði?⁹⁷

⁹⁴ Guðjón Friðriksson, *Ég elska þig stormur*, bls. 500-501; Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 23. mars 1923.

⁹⁵ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 18. apríl 1916.

⁹⁶ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 29. janúar 1913 og 21. desember 1914; Hannes H. Gissurarson, *Jón Þorláksson forsætisráðherra*, bls. 145

⁹⁷ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 29. nóvember 1919.

Aðrir samtímaatburðir séðir með augum Halldórs Guðmundssonar

Halldór varð vitni að mörgum öðrum samtímaatburðum en þegar hefur verið lýst. Hann fjallar t.d. um aðförina að rússneskum dreng með augnveiki sem Ólafur Friðriksson ritstjóri hafði tekið að sér og afsagt að láta fara af landi brott. Bjóst Ólafur til varnar lögreglunni með 40-60 manna lið sér til fulltingis. Lenti þá fylgismönnum Ólafs saman við lögregluna og lumbruðu á henni og hörfaði lögreglan frá.⁹⁸ Þá blönduðu stjórnvöld sér í málið og vildu ekki líða þetta agaleysi. Voru Ólafur og menn hans teknir höndum og settir í tughúsið og þegar Alþýðuflokkurinn og fulltrúar hans sáu að Ólafur varð að láta í minni pokann þá sneru þeir baki við honum og töldu þetta einkamál Ólafs. En þegar Ólafur losnaði úr steinum og drengurinn var farinn úr landi þá snerist Alþýðuflokkurinn í kringum Ólaf með miklum gleðilátum. Þetta þótti Halldóri mikill tvískinnungur og var hissa á þessari kjánalegu framkomu Alþýðuflokksmanna við Ólaf þegar í óefni var komið. Hann sagði að ýmislegt megi segja um lögregluliðið, sérstaklega hvað mikill undirbúningur hafi verið gerður við þetta mál. Menn hefðu talið að vörn Ólafs og hans manna yrði miklu kraftmeiri en raun varð á, en alltaf hafi menn verið að smátýnast úr Ólafslíði. Sérstaklega var Halldór áhyggjufullur yfir hvað menn virtust fylgja Ólafi í blindni í hverju sem vera skyldi.⁹⁹

Sagði Halldór að mörg vandmál væru fyrirbyggjandi hjá þinginu, einkum varðandi Spánartollinn, þar sem Spánverjar heimti að fá að flytja inn vínanda allt að 21% að styrkleika. Honum þótti sjálfsagt að benda Spánverjum á að þetta væri brot á bannlögunum, sem sett voru árið 1908 en algjört innflutningsbann var sett á vín árið 1915. Ef þetta fengst ekki í gegn þá ætli Spánverjar að hækka innflutningstoll á saltfisk. Benti Halldór á að þótt á mörgum vörutegundum væru innflutningshöft, t.d. á vefnaðarvöru, þá væri því ekki saman að jafna við að leyfa innflutning á spænsku vínnum og brjóta þar með innflutningsbannið. Hann lýsti þeirri skoðun sinni að landsmenn þoli ekki meiri toll á fiskinn, en segir að Spánverjar hljóti líka að bera eitthvað af þessum skatti, því þeir framleiði ekki saltfiskinn sjálfir. Halldóri var ofarlega í huga og sagði verst að stjórnvöld hafi ekki rannsakað þetta mál til hlítar, þess vegna gruni menn að íslensk stjórnvöld hefður látið undan undróðri andstæðingar vínbannsins. Halldóri fannst þetta ekki rétt afstaða. Þá lýsti Halldór því hvernig

⁹⁸ Hendrik Ottósson, *Frá Hlíðarhúsum til Bjarmalands*, bls. 240-261.

⁹⁹ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 3. desember 1921; Jón Guðnason, *Skúli Thoroddsen*, 2.bd. bls. 510

ástandið var í höfuðstaðnum á meðan spænska veikin geisaði og segir að þau hjónin, Guðfinna og hann, hafi hugsað sér að taka að sér Vínarbörn eftir fyrra stríðið, hefði Ísland samþykkt að taka að sér 100 börn. Blöðin fjölluðu nokkuð um þetta og lýstu yfir að von væri á börnunum í febrúarmánuði árið 1921. En ekki kom skipið með börnin og borið við að trúarbragðasástæður væru orsök. Laufey Valdimarsdóttir var fulltrúi Kvenréttindafélags Íslands á kvenaráðstefnu, sem haldin var í Genf í Sviss. Hitti hún þar fulltrúa Austurríkis og fór til Vínar og ræddi við lækni þann sem hafði umsjón með börnunum. Virtist þá vera um misskilning að ræða og sagðist læknirinn ekki hafa fundið 100 heilbrigð börn og síðast er talað um Vínarbörnin árið 1921, þau komu aldrei til Íslands¹⁰⁰ En hvað var það annað sem Halldór beitti sér fyrir?

¹⁰⁰ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 8. janúar 1919, 9. nóvember 1919, 29. nóvember 1919 og 27. febrúar 1923; „Fyrstu Vínarbörnin koma með skipinu næst“, bls. 4; „Vínarbörnin“ *Morgunblaðið* 23. maí 1920, bls. 2 og 25. maí 1920, bls. 4, 10. ágúst 1920, bls. 2 og 4. september 1920, bls. 4; „Vínarbörnin“, *Tíminn*, 26. febrúar 1921, bls. 24.

Ýmisleg önnur mál sem Halldór lét sig varða

Mörg bréfa Halldórs til bróðurins fjalla um tryggingarmál og annað sem hann greiðir fyrir bróður sinn. Hann sendir Eyjólfvi ýmsar kvittanir varðandi tryggingar, sem hann hefur greitt fyrir hann og dagblöð sem Eyjólfur kaupir. Einnig veitir Halldór honum ráðleggingar varðandi símamál, en segist þó ekki hafa nægar upplýsingar í höndunum um þau efni. Eyjólfur hugðist fá sér síma árið 1923 og segir Halldór honum hvar hentugast væri að leggja hann og hversu marga samþætta víra þurfi til að þeir slitni ekki. Einnig leggur hann á ráðin um hversu marga staura þurfi að reka niður á kílómetra og með hve löngu millibili. Hann upplýsir að staurarnir kosti 30 krónur stykkið og Eyjólfur þurfi að fylgjast vel því með að vírinn slitni ekki. Ef hann vilji leggja símalínuna þar sem styst sé þá þurfi til þess leyfi eiganda símans og sendir honum yfirlit yfir kostnaðinn, sem gæti numið 2315 krónum. Hann gerir ráð fyrir að aukakostnaður yrði ef skiptistöð yfir í Litla-Hvammi í Mýrdal og þá þyrfti að leggja tvo víra á hvern símastaur sem fyrir yrði og kostaði það um 200 krónur. Þá bættust við ýmis áhöld, sem yrðu að vera til í Litla-Hvammi, en þau kostuðu 175 krónur.¹⁰¹

Ýmislegt annað mætti tína til. Eyjólfur og Halldór höfðu gengið í hlutafélag sem hafði það að markmiði að kaupa þýskan togara til landsins. Á stríðsárunum rýrnuðu þýsku mörkin sem þeir höfðu aflað sér og áttu að renna í togarakaupin. Urðu þau að engu og var mönnum því boðið að taka út sinn hluta árið 1919. Halldór sagði aftur á móti að menn myndu ekki gera það að sinni, þar sem alltaf væri von um að þýska markið hækkaði. Hann taldi að ef að Bandamenn slökuðu til á hernaðarskuldunum við Þjóðverja, eins og Bandaríkjamenn hafi viljað, þá mundi þetta geta lagast. Hann sagði bróður sínum árið 1923 að nú væru þessi þýsku mörk komin í danskan banka, sem væri traustur og varla væri hægt að taka mörkin út, nema að breyta þeim í danskar krónur.¹⁰² Þá fjölluðu bréf Halldórs einnig um það hversu erfitt væri að fá allt efni til raflýsinga, því bankarnir lánuði ekki fé. Borgarfjörður og Hellissandur fengu þannig ekki fé til raflýsingar, en Halldór hafði komið og veitt þeim ráðgjöf varðandi kostnað til raflýsingar.¹⁰³ Honum gekk illa að innheimta skuldir og á tímabili óttaðist hann að gert yrði lögtak hjá sér, þó að hann ætti meiri eignir en útistandandi

¹⁰¹ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfv Guðmundssonar, 17. apríl 1923.

¹⁰² Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfv Guðmundssonar, 3. desember 1921-2. janúar 1923.

¹⁰³ Einkaskjalasafn. Kassar 1A-1D.

skuldir.¹⁰⁴ Þar við bættist að Eiríkur og Jón Ormssynir höfðu ákveðið að ganga úr þjónustu Halldórs og stofna eigið fyrirtækið Bræðurnir Ormsson. Þetta þótti Halldóri að vonum ekki gott, því að samkeppnin ykist með því til muna og þeir væru svo kunnugir öllum hans viðskiptaháttum og taki ýmsa viðskiptamenn hans með sér. Honum þótti þó skiljanlegt að þeir vildu vera sjálfstæðir eins og allir vilji.¹⁰⁵

¹⁰⁴ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 10. maí 1923.

¹⁰⁵ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 17. apríl 1923.

Fleiri ferðir til útlanda varðandi störf Halldórs

Fleiri ferðir fór Halldór erlendis en ferðina, sem hann fór til Danmerkur og Þýskalands. Hann fór einnig til Bandaríkjanna til að efla viðskipti sín þar. Árið 1914 sagðist hann þurfa að bregða sér út með Gullfossi, en að hann hafi ekki getað komist ennþá. En sumarið 1918 skrifaði hann bróður sínum og sagðist hafa farið til New York til að útvega sér áhöld til raflýsingar. Í fyrstu hafi það gengið illa, en vatnspípur hefði hann getað útvegað sér þar í stað þeirra er sukku árið áður til stöðvarinnar á Patreksfirði. Það hafði hann ekki minnst á áður í bréfum. Hann sagði að þær hafi kostað miklu minna heldur en bresku pottpípunar og veltir fyrir sér hvort þær verði nógu fljótt smíðaðar og hvort fyrir þær fái útflutningsleyfi. Hann lýsti ferðalaginu þannig að það hafi ríkt gleði um borð og skipið hafi víða komið við vegna kafbátahættunnar. Hann sagði að á leiðinni frá New York hafi kafbátar alltaf verið að sökkva skipum og því hafi höfnin í New York verið lokað í nokkra daga. Skeyti hafi borist frá skipum sem sögðu að kafbátar væru að skjóta á þau og þá yrðu allir að flýja í stað þess að reyna að bjarga fólki. Því hafi Gullfoss orðið að breyta um stefnu og sigla norður, en herskipin komi til bjargar fólkinu. Þá segir hann að nú þurfi orðið innflutningsleyfi fyrir öllum vörum og það auki mjög á erfiðleikana við útvegum efnis.¹⁰⁶ Eftir að styrjöldinni lauk ferðaðist Halldór bæði til Danmerkur og Þýskalands og segist hafa hitt frænda sinn Sveinbjörn Högnason í Kaupmannahöfn. Fannst Halldóri sá ljóður á ráði Sveinbjörns að hann væri orðinn fylgismaður bolsévika, sem hann telur ekki gæfulegt og finnst sorglegt hvað margir íslenskir stúdentar væru orðnir uppveðraðir af þessari „andlegu pest“.¹⁰⁷ Líklega væri hann orðinn svo afturhaldssamur að hann skildi ekki þessa alsælu, sem að rússneska byltingin eigi að færa mannkyninu og lét sér fremur fátt um hana finnast.¹⁰⁸ En voru þetta hugsjónir hans eða var hann að hugsa um gróðahyggju?

¹⁰⁶ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 7. júlí 1918.

¹⁰⁷ Einkaskjalasafn. Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólfss Guðmundssonar, 25. janúar 1921.

¹⁰⁸ Sama bréf.

Gróðahyggja – hugsjónir

Í flestum tilfellum hugsar Halldór fyrst og fremst um að að verða landinu sínu að liði. Hugur hans dvaldist ekki við gróðahyggju heldur snerist lífsstarf hans um að veita birtu og yl í stað þeirrar dimmu og drunga sem áður hafði ríkt. Hann vill vera sjálfstæður og hafa í sig og á og geta séð fyrir fjölskyldu. Munaður var ekki í húsakynnum hans og húsgögnin næsta fábrotin segir Gísli sonur hans um æskuheimili sitt. Þau hjónin höfðu alltaf kostgangara á heimilinu til að drýgja tekjurnar.¹⁰⁹ Allt sem hann vildi var að geta starfað fyrir land sitt og þjóð, vera trúr og samviskusamur og sjá Ísland rísa úr öskustónni. Hann vildi virkja afl fossa og áa í þágu mannsins, las af kappi erlend tímarit um tækniframfarir og vísindi. Síðustu árin hugsaði hann mikið um að nýta gufuhverina til að framleiða rafmagn. Óbirt grein lá eftir hann um áhugamál sitt að virkja Hengilinn, Krýsuvík og víðar og fékk hann Gísla son sinn til að draga upp uppdrátt og sýna hvernig mætti framkvæma þetta. Halldóri vannst ekki aldur til að koma þessum hugmyndum sínum í framkvæmd.¹¹⁰ Líf Halldórs mótaðist af því að vinna fyrir ættjörðina og efla sjálfstæði hennar. Hann hafði sterka þjóðerniskennd og var fullur metnaðar fyrir Íslands hönd. Hann fylgdist vel með öllum samtímamálefnum og skrifar bróður sínum um þau og fer ekki í launkofa með skoðanir sínar á þeim. Hann vildi slíta öll bönd við Danmörku og þoldi ekki neina kúgun. Hann var fyrst og fremst hugsjóna- og framkvæmdasinnaður og gróðahyggja var ekki til í hans fari. En hvernig voru síðustu æviárin?

¹⁰⁹ Gísli Halldórsson, „Halldór Guðmundsson raffræðingur“, bls. 288-305.

¹¹⁰ Sama rit, bls. 300.

Síðustu æviárin

Halldór tók tæplega fertugur að aldri að kenna kvilla í maga og lá stundum svo dögum eða vikum skipti í rúminu af hans völdum. Læknar voru ekki vissir um hvað þjáði hann, en sumir töldu þetta botnlangabólgu eða magasár. Stundum lá hann mjög illa haldinn, en þegar kvölunum linnu var hann óðara þotinn af stað ýmist vestur á Bíldudal eða til útlanda til að sækja sér efni til raflýsingar. Illa gekk að útvega þessar vörur vegna útflutningsbanns enskra stjórnvalda á fyrri heimsstyrjaldarárunum. Halldór fór árið 1915 uppúr rúmlegu til Danmerkur og Þýskalands og sagði Eyjólf bróður sínum að það hefði ekki verið glæsilegt en nauðsynlegt. Sér hefði liðið vel á ferðalaginu og allsstaðar verið vel tekið. Á útmánuðum árið 1924 veiktist hann illa og var fluttur á sjúkrahús. Þar var gerður gerður á honum uppskurður, sem tókst vel. Lifði hann nokkra daga eftir uppskurðinn en lést þann 24. mars árið 1924, tæplega fimmtugur að aldri. Lýsir Gísli, sonur hans þessum atburði í smáatriðum í bréfi til Eyjólf, föðurbróður síns.¹¹¹

Hvernig maður var Halldór Guðmundsson? Eiríkur Ormsson, fyrrum lærlingur, kostgangari og samstarfsmaður Halldórs, sagði „að hann hafi verið fullur af lífskrafti og göfugmennskan streymdi frá honum og verkaði eins og hitaglóð á alla, sem í kringum hann voru.“¹¹² Honum vannst ekki ekki tími til að sinna hugðarefnum sínum eins og hann vildi, en minning hans lifir í verkum hans.

¹¹¹ Gísli Halldórsson „Halldór Guðmundsson raffræðingur“, bls. 300 og 304.

¹¹² Gísli Brynjólfsson, „Samningur um sextán kertaljós“.

Niðurstöður

Í þessari ritgerð um Halldór Guðmundsson hefur verið reynt að lýsa lífsferli hans frá vöggu til grafar. Frá uppvaxtarárunum austur í Mýrdal og Mosfellssveit, járnsmíðanáminu í Reykjavík og námi hans í vélsmíði í Kaupmannahöfn undir lok 19. aldar og námsferli hans í raffræði í Berlín og atvinnu hans í báðum stórborgunum á meðan á námsdövl hans stóð. Hann aðhylltist ungur skoðanir föður síns og ólst upp eins og hver annar sveitadrengur, sem dreymdi um að bera þá gæfu að verða Íslandi að gagni. Hann tók barnungur þátt í þeim sveitastörfum sem fyrir lágu og fór fljótt að reyna sig við ýmiss konar smíðar og vélaútbúnað. Að loknu raffræðináminu í Berlín árið 1904 var trú íslenskra ráðamanna ekki mikil á rafmagninu. Lítið var um atvinnu á Íslandi fyrir raffræðinga til að byrja með nema á einstaka stöðum og því gerðist Halldór eitt sumar brúarsmiður við Sogsbrúna. Þá stóðu verkfræðingar í vegi fyrir boðskap hans um gildi rafmagnsins, enda höfðu þeir litla kunnáttu á því sviði og vildu skara eld að eigin köku. Þó að Halldór ætti ekki í byrjun auðvelt með að fá vinnu við raflýsingar í höfuðstaðnum og gasið yrði ofaná sem afgangi réðu menn og fyrirtæki víða um land Halldór í þjónustu sína. Hann var fenginn til að setja niður vélar í Hafnarfirði og á ýmsum stöðum úti á landi. Einstaklingar og forráðamenn bæjarfélaga fengu hann til að raflýsa hjá sér eða veita ráðgjöf varðandi raflýsingar.

Halldór var maður framkvæmda og lét verkin tala. Hann gerði sér grein fyrir því að rafmagnið væri það afl sem færði þjóðina inn í nútímann. En íslenskir ráðamenn voru tregir til að viðurkenna það. Bæði sökum skilningsleysis á rafmagninu og ekki síður af pólitískum ástæðum. Sjálfstæðisbaráttan var í algleymingi og allt annað varð að víkja. Því varð Reykjavík á eftir verklega séð, en staðir úti á landi færðust nær nútímanum.

Bréf Halldórs til Eyjólfssonar bróður síns veita innsýn í þá erfiðleika sem við var að etja á fyrstu árum raflýsinga. Ýmislegt varðandi verkefni sem hann var að fást við, örðugleika við útvegum efnis til rafmagnsins vegna útflutningsbanns Englendinga á fyrri heimsstyrjaldarárunum. Önnur ljón voru einnig í veginum, t.d. erfitt tíðarfar þar sem erfitt var að grafa skurði fyrir vatnspípur, flutningsaðstæður og samgöngur lélegar. Bréf Halldórs lýsa líka ýmsum aðdráttum sem hann rekur fyrir bróðurinn Eyjólf og fleira varðandi greiðslum í ýms félög og annað í þeim dúr. Hann lýsti ýmsum samtímaatburðum, þar sem hann er ýmist þátttakandi eða les um í blöðum og lýsir skoðun sinni á þeim.

Hann er þjóðernissinni fram í fingurgóma og vill umfram allt slíta öll bönd sem tengja Danmörku og Ísland. Segist hann þó ekki vera stjórnmalamaður. Enginn stjórnmalaflokkur hafi verið stofnaður, sem væri honum að skapi og hann leynir ekki skoðunum sínum á íslenskum ráðamönnum og ráðherrum. En fyrst og fremst er Halldór framkvæmda- og hugsjónamaður, einlægur stuðningsmaður allra framfara, sem Íslandi koma að gagni og efli dáð þess og dugnað. Hann vill vinna sem mest og best fyrir landið sitt og sannast þá ekki hið fornkvæða „Enginn er spámaður í eigin föðurlandi“.

Heimildir

- Árni Óla, „Gasstöðin kveður“, *Reykjavík fyrri tíma: sögukaflar*, 2. bd. (Reykjavík 1985), bls. 507-512.
- Árni Óla „Gasstöðin kveður: úr sögu Reykjavíkur“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 27. apríl 1958, bls. 217-223.
- Ásgeir Guðmundsson, *Saga Hafnarfjarðar*, 2.b. (Hafnarfirði 1983).
- „Botnvörpuyfirgangur“ *Ísafold* 26. október 1905, bls. 281
- Eiríkur Ormsson „Aldarafmæli Halldórs Guðmundssonar, raffræðings“, *Tímarit Verkfræðingafélags Íslands*, 59:4 (1974), bls. 166-168.
- Eyjólfur Guðmundsson, *Afi og amma* (Reykjavík 1941)
- Eyjólfur Guðmundsson, *Lengi man til lítilla stunda* (Reykjavík 1948).
- Eyjólfur Guðmundsson, *Minningar úr Mýrdal*, fyrri bindi (Reykjavík 1990).
- Eyjólfur Guðmundsson, *Pabbi og mamma* (Reykjavík 1944).
- Eyjólfur Guðmundsson, *Vökunætur* 1.bd. (Reykjavík 1987).
- „Frímenn B. Andersen“, *Stefnir*, 31. október 1894, bls. 82.
- Frímenn B. Arngrímsson, „Forsmáða erindið“, *Fylkir* 8 (1923), bls. 29-54.
- Frímenn B. Arngrímsson, „Hugvekja til Reykvíkinga og Íslendinga allra samt“, *Fjallkonan*, 12. febrúar 1896, bls. 26-27 og 18. febrúar 1896, bls. 29.
- Frímenn B. Arngrímsson, *Minningar frá London og París* (Akureyri 1938).
- „Fyrstu Vínarbornin koma með skipinu næst“, *Skeggi*, 9. janúar 1920, bls. 4
- „Gatnalýsing, gasljós eða rafljós“ *Lögrétta*, 12. september 1906, bls. 173.
- „Gasstöð líklegri“, *Ísafold*, 28. nóvember 1908, bls. 289
- Geir Jónasson, „Nokkur minningarorð“, *Minningar frá London og París* (Akureyri 1938).
- Gísli Brynjólfsson, „Samningur um sextán kertaljós“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 31. maí 1970, bls. 1-2.
- Gísli Halldórsson, „Halldór Guðmundsson: íslensk rafmagnsöld og véla“, *Faðir minn*. Pétur Ólafsson ritstj. (Reykjavík 1950), bls. 293-305.
- Guðjón Friðriksson, *Einar Benediktsson: ævisaga*, 1.bd (Reykjavík 1997).
- Guðjón Friðriksson, *Ég elska þig stormur: ævisaga Hannesar Hafstein* (Reykjavík 2005).
- Guðjón Guðmundsson, „Aðdragandi og stofnun vatnamælinga“, *Vatnið og landið*. Guttormur Sigurbjarnarson ritstj. (Reykjavík 2000), bls. 49-58
- Guðmundur Hálfðanarson, „Börn höfuðstóll fátæklingsins“, *Saga : tímarit Sögufélagsins*, 24 (1986), bls. 122-145.

Halldór Guðmundsson, „Raflýsingarmálið“, *Ingólfur*, 2. júní 1907, bls. 118.

„Halldór Guðmundsson rafmagnsfræðingur Vesturgötu 25“, *Ísafold* 25. júlí 1908, bls. 180.

Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Jón Þorláksson forsætisráðherra* (Reykjavík 1992).

Hendrik Ottósson, *Frá Hlíðarhúsum til Bjarmalands*. 2. útg. (Hafnarfjörður 1979).

„Hinn fyrsti íslenski rafmagnsfræðingur“, *Fjallkonan*, 5. júlí 1904, bls. 105

Hulda Á. Stefánsdóttir, *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur*. 2. bd., *Æska* (Reykjavík 1986.

Iðunn, 1. júlí 1923.

„Ísland og rafmagnið“, *Öldin*, 7. október 1891, bls. 2.

Jón Guðnason, *Skúli Thoroddsen*, 2. bd. (Reykjavík 1974).

Jón Þorláksson, „Rafmagn og gas“, *Dagblaðið*, 19. október 1906, bls. 1-2.

Knud Zimsen, *Við fjörð og vík: brot úr endurminningum Knud Zimsens fyrrverandi borgarstjóra*, Lúðvík Kristjánsson færði í letur (Reykjavík 1949).

„Ljóskerin“, *Reykvíkingur*, 9. mars 1891, bls. 12.

„Nýtt gasljós“, *Dagskrá*, 7. september 1897, bls. 222.

Ólafur H. Óskarsson, „Rafmagnsstöðin í Vík“, *Dynskógar: rit Vestur-Skaftfellinga* 4 (1988), bls. 175-183 og 210–216.

Ólafur H. Óskarsson, „Rætt við fyrsta rafveitustjóran við rafmagnsstöðina í Vík“, *Dynskógar: rit Vestur-Skaftfellinga* 4 (1988), bls. 217-220.

Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár frá landnáms tíðum til ársloka* (Reykjavík 1949).

„Pistill úr Árneshöfði“, *Þjóðólfrur*, 2. mars 1906, bls. 124.

„Rafljós Edisons“, *Þjóðólfrur*, 9. febrúar 1880, bls. 23.

„Raflýsing“, *Ísafold*, 8. ágúst 1906, bls. 203.

„Raflýsing og rafhitun í Reykjavík“, *Fjallkonan*, 15. nóvember 1894, bls. 177-179 og 28. nóvember 1894, bls. 183-186.

„Raflýsing Vestmannaeyja“, *Vísir*, 17. júní 1914, bls. 4

„Raflýsingarmálið: gasstöð líklegri“, *Ísafold*, 5. desember 1908, bls. 293-294.

„Rafmagn á Íslandi“, *Fjallkonan*, 14. febrúar 1894, bls. 25.

„Rafmagnsljós og hitaleiðsla í Reykjavík“, *Fjallkonan*, 3. júlí 1894, bls. 10.

„Rafmagnslýsing í Hafnarfirði“, *Ísafold*, 23. júlí 1904, bls. 194-195.

„Rafmagnslýsing og vatnsveita í Hafnarfirði“, *Þjóðviljinn*, 27. júlí 1904, bls. 124.

„Rafmagnsmálþráður milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar“, *Ísafold*, 18. október 1890, bls. 333.

Schoepke, Erhard, „Gasstöðin í Reykjavík: svar við athugasemdum herra H. Guðmundssonar“, *Ísafold*, 29. maí 1909, bls. 125-126

- Schoepke, Erhard, „Gasstöðin í Reykjavík: svar við athugasemdum herra H.Guðmundssonar“, *Lögrétta* 29. maí 1909, bls. 106 og 2. júní 1909, bls. 111
- Sigurður Ragnarsson, „Fossakaup og framkvæmdaáform: þættir úr sögu fossamálsins“, *Saga* 14 (1976), bls. 128-135.
- „Skemmd á almenning eignum“, *Þjóðólfur*, 28. janúar 1879, bls. 15.
- Sveinn Þórðarson, *Afl í segulæðum: saga rafmagns á Íslandi í 100 ár*. Rit II í ritröð VFÍ (Reykjavík 2004).
- Thorvald Krabbe „Gas og rafmagn“, *Lögrjetta*, 17. október 1909, bls. 193-194.
- „Tilkynning frá móttökunefnd austurrísku barnanna“, *Morgunblaðið*, 23. maí 1920, bls. 2, 25. maí, bls. 2 og 26. maí, bls. 2.
- Valtýr Guðmundsson, „Aflið í bæjarlæknum“, *Eimreiðin* 6 (1900), bls. 127–130.
- „Vígsluathöfnin“, *Þjóðólfur*, 15. september 1905, bls. 168.
- „Vínarbörnin“, *Morgunblaðið*, 23. maí 1920, bls. 2, 25. maí 1920, bls. 4, 10. ágúst 1920, bls. 2, 4. september 1920, bls. 4, og 10. ágúst 1920, bls. 4.
- „Vínarbörnin“, *Tíminn*, 26. febrúar 1921, bls. 24.
- Þorsteinn Gíslason, „Ónotað afl“, *Reykvíkingur*, 1. júlí 1894, bls. 25-26.

Óprentaðar heimildir

Einkaskjalasafn, í fórum höfundar.

1A-1D. Kassar með skjölum Halldórs Guðmundssonar, 1909-1923.

Bréf Halldórs Guðmundssonar til Eyjólf Guðmundssonar, 1893-1923.

Óbirtar heimildir eftir Eyjólf Guðmundsson.